

SHALDOR
skoðun 10



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



GERÐU OKKUR TILBOÐ

TAL

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. mars 2011
60. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Hefur reynst vel

Námskeið í hugrænni
atferlismeðferð fyrir
þolendur kynferðisbrota.

tímamót 12

Stórfyrirtæki á Íslandi

Citibank og Wrigley's tóku
upp auglýsingar í íslenskri
náttúru.

fólk 22




Þjáning í Þýskalandi

Ísland tapaði fyrir
Þjóðverjum með ellefu
marka mun í gær.

sport 18

veðrið í dag



STORMUR! Í dag verða yfirleitt
suðvestan 13-23 m/s, hvassast
V-til í fyrstu en A-til síðdegis. Mikil
rigning S- og V-lands en úrkomu-
lítið NA-til. Hiti 3-8 stig.

VEÐUR 4



FERJA STRANDAR Á HÚSI Þessi mynd náðist af ferju sem hafði strandað á byggingu í borginni Otsuchi í lwate í norðurhluta Japans. Gríðarleg eyðilegging hefur orðið í Japan af völdum flóðbylgjunnar sem skall á landinu.

Óttast öfluga eftirskjálfta

Forsætisráðherra Japans segir hamfarirnar í landinu mesta áfall frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Talið er að meira en tíu þúsund manns hafi farist. Jarðfræðingar óttast kröftuga eftirskjálfta á næstu dögum.

TÓKÝÓ, AP Jarðfræðingar óttast að öflugir eftirskjálftar muni ríða yfir Japan á næstu dögum í kjölfar jarðskjálftans sem skók landið á föstudagsmorgun. Talið er að skjálftarnir geti náð allt upp í 7 á Richter en upphaflegi skjálftinn var af stærðinni 9 á Richter.

Hamfarirnar í Japan eru mesta áfall sem dunið hefur á þjóðinni síðan í síðari heimsstyrjöld. Þetta sagði Naoto Kan, forsætisráðherra Japans í sjónvarpsávarpi í gær. Talið er að yfir tíu þúsund manns hafi farist vegna fljóðbylgjunnar sem gekk yfir Miyagi-svæðið í norðausturhluta landsins í kjölfar jarðskjálftans.

Neyðarástandi hefur verið lýst yfir í kjarnorkuverinu í hafnarborginni Onagawa vegna geislunar sem mældist þar yfir hættumörkum. Rannsókn stóð yfir í gær á því hvaðan geislunin kom en þrjár kjarnakljúfar versins eru ekki sagðir í hættu.

Notaður var sjór til að kæla niður kjarnakljúf í öðru kjarnorkuveri í Fukushima Dai-ichi. Óttast var að sprenging gæti orðið í kljúfnum rétt eins og gerðist með annan kjarnakljúf í sama

Geislun fjarri Íslendingunum

Íslenska utanríkisráðuneytið hefur náð sambandi við þá Íslendinga sem eru búsettir í Japan og fengið staðfestingu á því að þeir séu allir heilir á húfi. Alls er 51 Íslendingur búsettur í Japan. Enginn er á því svæði þar sem hættu hefur verið frá kjarnorkuverunum. „Einhverjir hafa verið að fást við að hafa ekki rafmagn en það hefur verið allt í lagi með allt okkar fólk,“ segir Pétur Ásgeirsson, sviðsstjóri í utanríkisráðuneytinu. Spurður hvort einhver Íslendingur ætli að yfirgefa Japan vegna hamfaranna segir hann að enginn hafi ákveðið það.

kjarnorkuveri á laugardag. Forsætisráðherrann Kan sagði að ástandið í kjarnorkuverinu væri mjög alvarlegt. Þar hefur einnig verið lýst yfir neyðarástandi vegna mikillar geislunar en níttján manns hafa orðið fyrir geislun. Fari svo að það mistakist að halda kjarnakljúfunum

í Fukushima gangandi, það er að ekki takist að halda hitanum í skefjum, gætu úraníum og önnur hættuleg efni komist út í andrúmsloftið. Það gæti valdið miklu mengunarslysi. Ef það gerist telja sérfræðingar að skaðinn verði engu að síður mun minni en þegar kjarnorkuslysið í Tjernóbyl varð árið 1986 þegar kjarnakljúfur sprakk og mikil geislun barst um Evrópu.

Víða er rafmagnslaust í Japan og hefur það haft áhrif á björgunarstarf. Yfir 180 þúsund manns hafa verið fluttir í burtu frá Miyagi í neyðarskýli, sem eru mörg hver án rafmagns. Ákveðið hefur verið að fjöldi hjálparstarfsmanna á svæðinu verði tvöfaldaður og fari upp í eitt hundrað þúsund. Að minnsta kosti 1,4 milljónir heimila í Japan hafa verið án vatns síðan jarðskjálftinn reið yfir og rafmagnslaust er á um 1,9 milljónum heimila.

„Ástandið í landinu vegna jarðskjálftans, flóðbylgjunnar og kjarnorkuveranna er að mörgu leyti það alvarlegasta í landinu í 65 ár, eða frá síðari heimsstyrjöldinni,“ sagði forsætisráðherrann Kan.

Gítarstillir Guðmundar Freys og Jóhanns P. Malmquist vekur mikla lukku:

Seldur til 37 landa á níu dögum

FÓLK Önnur útgáfa af Tunerific-gítarstilli þeirra Guðmundar Freys Jónssonar og Jóhanns P. Malmquist, prófessors, hefur verið seld til 37 landa á aðeins níu dögum.

„Þetta er framar okkar björtustu vonum,“ segir Guðmundur Freyr.

Forrit með nýju útgáfunni var í byrjun mars sett inn í OVI-net-

77 Tunerific-forritið hefur verið selt til 77 landa alls.

verslun finnska farsímafyrirtækisins Nokia fyrir nýjustu símana þeirra N8. Þar náði það hæst í fjórða sæti lista yfir þau forrit sem voru vinsælust hjá fyrirtækinu.

Búið er að þýða forritið yfir á sex tungumál og þýðing yfir á kínversku er einnig í undirbúningi.

Nokia hefur notað gítarstillinn í kynningarherferðum sínum að undanförunu, þar á meðal í Ísrael. Þar er tákni forritsins stillt upp við hliðina á risum á borð við Facebook og Youtube.

-fb / sjá síðu 22

Hvað ef hún hefði aldrei fæðst?

Dramatísk fjölskyldusaga eftir Jodi Picoult

„... ótrúlega vel skrifuð bók ... snilldarlesning ...“


KS / midjan.is

NÝ
KILJA



muundu
eftir
mjólkinni!

muu





Kristín Eik, er allt í steik?

„Nei, ég sykurmassa þetta!“

Kristín Eik Gústafsdóttir rekur verslunina Allt í köku sem hefur haldið vinsæl námskeiði í kókuskreytingum úr sykurmassa.

Erill hjá lögreglunni:

Brotist inn í Dýraspítalann

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í Dýraspítalann í Víðidal í kringum miðnætti á föstudagskvöld. Enginn hefur verið handtekinn en málið er í rannsókn lögreglu.

Nokkuð var um minniháttar pústra í miðbæ Reykjavíkur aðfaranótt laugardagsins. Þá voru rúður brotnar í bifreið við Grensásveg, verslun við Langholtsveg, í Fellaskóla og á skemmtistaðnum Kaffi París við Austurvöll. Þá var einn ökumaður stöðvaður vegna gruns um akstur undir áhrifum áfengis í fyrrinótt. -rat



BENEDIKT PÁFI Páfinn bað fyrir fórnarlömbum jarðskjálftans og flóðbylgjunnar í Japan.

Hamfarimar í Japan:

Páfinn bað fyrir fórnarlömbum

VATIKANBORG, AP Benedikt páfi sextánda bað fyrir fórnarlömbum jarðskjálftans og flóðbylgjunnar í Japan í sunnudagsblessun sinni í gær. Hann lýsti yfir ánægju sinni með reisu og hugrekki heimamanna í viðbrögðum þeirra við óförunum. Benedikt hvatti einnig hjálparstarfsmenn, sem eru að störfum í Japan, til dáða og sagði að Guð væri með þeim. Talið er að yfir tíu þúsund manns hafi farist í Japan síðan jarðskjálfti af stærðinni 8,9 á Richter reið yfir landið í síðustu viku. -fb

Hestafólk lætur sér ekki segjast þrátt fyrir ítrekuð varnaðarorð:

Notaður reiðbúnaður stöðvaður í tollinum

HESTAMENNASKA Matvælastofnun hefur nú til vinnslu mál sem kom upp eftir að tollgæslan stöðvaði sendingu erlendis frá með notuðum reiðtygjum og fatnaði, samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk hjá embætti Tollstjóra í gær.

Sendingin sem stöðvuð var um miðjan janúar kom frá Austurríki, samkvæmt upplýsingum embættisins, og var stíluð á einstakling hér. Hún hafði að geyma notuð beisli, taumgjarðir, ábreiður og reiðfatnað.

Mál af svipuðum toga kom upp

í nóvember síðastliðnum þegar notuð reiðtygi og óhreinn reiðfatnaður fundust við tollskoðun á bíl sem var að koma erlendis frá með gámaflutningaskipi. Bíllinn var einnig mjög óhreinn og var greinilega að koma beint úr umhverfi hesta.

Matvælastofnun og tollgæslan hafa ítrekað varað við innflutningi á notuðum reiðtygjum og -fatnaði vegna smithættu. Í skýrslu sem Mast og Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum hafa gefið út um hóstapestina sem herjað hefur á íslenska hrossa-

stofninn segir meðal annars að ekki sé ljóst hvenær eða hvernig smitefnið barst til landsins en spjótin beinist meðal annars að ólöglegum innflutningi notaðra reiðtygja.

„Það virðist hafa færest í vöxt að hestamenn taki ýmsan búnað með sér milli landa, einkum mál, en öllum ætti nú að vera ljós sú mikla áhætta sem slíkum innflutningi fylgir,“ segir í skýrslunni og bætir er við að hestaveikin hafi valdið mikilli röskun á hestatengdri starfsemi og þar með miklu fjárhagslegu tjóni. -jss



REIÐTYGI Enn sendir fólk notaðan reiðbúnað til landsins þrátt fyrir að hér hafi geisað hestapest sem valdið hefur miklu tjóni. MYND/ÚR SAFNI.

Í ársfrí eftir einelti af hálfu bæjarstjóra

Bæjarstjórn Seltjarnarness brást ekki við kvörtunum starfsmanns um einelti. Hann gat ekki sofnað vegna kvíða og óþæginda. Mistök að senda afrit af læknavottorði hans á aðra starfsmenn, segir bæjarstjórinn.

SELTJARNARNES „Ég gat ekki meira, var farinn að vakna fyrir allar aldir með kvíða, lystarleysi og óþægindi. Þetta er versta lífsreynsla sem ég hef lent í,“ segir Ólafur Melsteð landslagsarkitekt og fyrrverandi framkvæmdastjóri tækni- og umhverfissviðs Seltjarnarness. Hann hefur samkvæmt læknisráði verið í veikindaleyfi í rúm ár vegna eineltis bæjarstjórans Ásgerðar Halldórsdóttur. Hann krefst bóta og að bæjarstjórinn viki.

Ólafur segir einelti Ásgerðar hafa byrjað eftir að hún tók við stöðu bæjarstjóra um mitt ár 2009 af Jónmundi Guðmarssyni, sem réð hann í starfið í október 2008. „Hún ætlaði að losna við mig frá upphafi, sumir segja að það hafi verið af því að Jónmundur réð mig,“ segir Ólafur, sem fór í veikindaleyfi í janúar í fyrra. Í september í fyrra var honum tilkynnt að staða hans hefði verið lögð niður og honum sagt upp. Allir framkvæmdastjórnarar segir hann upp hjá bænum á sama tíma voru endurráðnir en ekki hann.

Ólafur reyndi í nokkur skipti að vekja athygli bæjarstjórnar Seltjarnarness á eineltinu og fá hana í tvígang í fyrravor til að greiða hluta af kostnaðinum við að fá óháða matsmenn til að skoða ásakanir um einelti. Þar kom hann að lokuðum dýrum.

„Lögmáður bæjarins svaraði því oft að ekki væri um neitt einelti að ræða,“ segir Ólafur.

„Það var mat lögmanna okkar á þeim tíma að þetta færi svona eins og það hefur spílast. Við kynntum okkur það líka að ekki væri verið að brjóta á rétti neins. Við dómsniðurstöðu dæmir dómari málskostnað og fleira,“ segir Guðmundur Magnús-



BÆJARSTJÓRASKIPTI Ólafur Melsteð segir Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra hafa viljað bola sér í burtu eftir að hún tók við starfinu af Jónmundi Guðmarssyni.

Mistök að senda veikindavottorðið

Í niðurstöðum dómskvaddra matsmanna kemur fram að ótvírætt sé að Ásgerður Halldórsdóttir hafi sýnt á mælisverða hegðun gagnvart Ólafi eftir að hún tók við bæjarstjórstöðunum um mitt ár 2009. Meðal annars hafi hún tekið fram fyrir hendur hans í júlí, gagnrýnt hann ómaklega á fundi í ágúst, veitt honum áminningu án saka og hótad á fundi í október og lítillækkað hann með því að dreifa læknavottorði hans í ársbyrjun 2010.

„Vottorðið hékk í viðhengi í tölvupósti og fór til undirmanna Ólafs fyrir mistök,“ segir Ásgerður og bætir við að í veikindavottorðinu hafi ekkert komið fram nema að hann væri tímabundið óvinnufær. Hún vill ekki tjá sig um málið að öðru leyti fyrr en lögfræðingur bæjarins hafi farið yfir skýrslu um málið.

Í eineltisáætlun Seltjarnarnesbæjar kemur fram að bærinn beri ábyrgð á því að koma í veg fyrir að einelti eigi sér stað á vinnustað. Þá er sérstaklega kveðið á um að allar kvartanir vegna eineltis skuli rannsakaðar og málsmeðferð flýtt sem frekast er unnt. Þegar einelti er alvarlegt og endurtekið varðar það áminningu eða brotttrekstri úr starfi.

son, forseti bæjarstjórnar Seltjarnarness. Hann bætir við að málið sé litið alvarlegum augum. Fundað verður um það í vikunni.

„Við fengum niðurstöðuna úr matinu á miðvikudag. Þá voru

aðrir fundir. Menn vildu geta kynnt sér þetta betur. Lögmenn vildu fá skýrsluna til að kynna sér innihald hennar betur. Við munum fara yfir þetta mál í vikunni,“ segir Guðmundur. jonab@frettabladid.is

Kuzubov leiðir MP-mót: Með hálfis vinnings forskot

SKÁK Úkraínski stórmeistarinn Yuriy Kuzubov er efstur á MP Reykjavíkurskákamótinu með fimm og hálfan vinning eftir sigur á Pólverjanum Miton Kamil í sjöttu umferð mótins sem fór fram í gær.

Fjórir eru jafnir í öðru sæti með fimm vinninga, en það eru þeir Robert Hess, Luke McShane, Simon Williams og Stelios Halkias.

Henrik Danielsen er efstur Íslendinga á mótinu með fjóra og hálfan vinning en Hannes Hlífar Stefánsson, Björn Þorfinnsson og Sigurður Daði Sigfússon eru næstir með fjóra vinninga.

Sjöunda umferð hefst í dag klukkan 16.30. -þj

Innbrot í sjö sumarþústaði: Skemmdu og stálu úr húsum

LÖGREGLUMÁL Tveir ungir menn brutust inn í sjö sumarþústaði á laugardaginn, fjóra í Húsafelli og þrjá í Sauðahúsum. Mennirnir náðust þar sem þeir voru að brjóta inn í einn sumarþústaðinn.

Þjófarnir öllu nokkru tjóni á bústöðunum við innbrotin en þeir spenntu meðal annars upp glugga til að komast inn. Töluvert af þýfi úr sumarþústaðunum fannst í fórum manna og telst málið upplýst samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Borgarnesi. Mönnunum var sleppt að loknum yfirheyrslum. -rat

SLÖKKVILIDÍÐ

Kveikt í blaðagámi

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað að Réttarholtsskóla klukkan 8 á gærmorgun þar sem kveikt hafði verið í blaðagámi. Engin slys urðu á fólki. Talsverður erill var í sjúkrflutningum í gær.

Arababandalagið vill heimila flugbann yfir Líbíu til að draga úr ofbeldi Gaddafís:

Uppreisnarmenn hraktir burt

LÍBÍA Leiðtogar Arababandalagsins hvöttu Múammar Gaddafí, einræðisherra Líbíu, til að stíga af valdastóli um helgina. Þeir lýstu yfir stuðningi við alþjóðlegt flugbann um lofthelgi Líbíu.

Amr Moussa, framkvæmdastjóri bandalagsins, sagði mikilvægt að Sameinuðu þjóðirnar komi sér saman um flugbann til að koma í veg fyrir frekari ofbeldisverk einræðisstjórnar Gaddafís.

Ráðherrar aðildarríkja bæði Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins funduð um borgarastyrjöldina í Líbíu í síðustu viku en gátu ekki komið sér saman um aðgerðir til stuðnings baráttu uppreisnarmanna gegn herjum Gaddafís. Bretar og Frakkar voru þeir einu sem kröfðust hertra aðgerða á borð við vopnasölu- og flugbann og útilokuðu ekki hernaðarihlutun. Í netútgáfu breska dagblaðsins Financial Times í gær var haft eftir Robert Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, um helgina að mögulegt væri að setja á flugbann yfir Líbíu. Ekki sé víst að það skili tilætlunum árangri.

Hermenn hliðhollir einræðisstjórn Gaddafís sóttu í sig veðrið um helgina og beittu skriðdrekkum og öðrum stórum vopnum gegn uppreisnarmön-



MÓTMÆLI Vopnaður uppreisnarmannur í Líbíu tekur þátt í mótmeðum gegn einræðisstjórn Gaddafís í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

um. Uppreisnarmenn hröktust frá hafnarbænum Ras Lanuf um helgina og olúbænum Brega í gær.

-jab

SIEMENS

Tæki færri

Glæsilegar vörur nú á Tækifærisverði. Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Myndar sími!



Gunnar Svanberg Skúlason auglýsingaljósmyndari tekur líka myndir á iPhone. Með **Instagram** ljósmyndaforritinu í farsímanum getur hann breytt myndunum og deilt þeim með vinum sínum. Hann tekur mynd, velur áferðina og sendir á Facebook, Twitter eða Flickr. Það geta allir iPhone notendur sótt Instagram í App Store. Í Android Market heitir forritið **Retro Camera**. Vinsælt ljósmyndaforrit í Ovi Store er **Panorama**. Þú getur líka komið við í næstu verslun Nova og við græjum Instagram í farsímamann fyrir þig!

Hipstamatic, **Dropbox** og **Sun Seeker** eru líka í uppáhaldi hjá Gunnari.

Láttu Nova græja upp farsímamann þinn!

Netið í símann!
Fylgir í áskrift 20 kr. í frelsi
150 MB/mán. 5 MB/dag



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!
NOVA

GENGIÐ 11.03.2011

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,26	116,54
Sterlingspund	188,95	188,49
Evra	160,83	161,28
Dönsk króna	21,56	21,623
Norsk króna	20,701	20,762
Svænsk króna	18,248	18,301
Japanskt jen	1,401	1,4051

SDR 182,52 183,06

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,2387

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



VINNUSKÓLINN Áttundubekkingar munu ekki fá vinnu í vinnuskólanum í sumar og vinnutími eldri krakka styttest. vinnutíma.h

Vinnuskólinn í Reykjavík:

8. bekkingar fá ekki vinnu

REYKJAVÍK Vinnuskóli Reykjavíkur mun ekki bjóða unglings í áttunda bekk grunnskóla vinnu í sumar eins og hefur tíðkast.

Pá mun nemendum í níunda og tíunda bekk einungis bjóðast þriggja vikna vinna í stað fjögurra vikna eins og verið hefur.

Svokölluð Græn heimajónusta vinnuskólans mun leggja niður í sumar, en hún hefur falist því að vinnuskólaunglingar hreinsuðu garða fyrir öryrkja og aldræða.

Bæjarráð Akureyrar:

Vilja ekki virkjun í Glerá

AKUREYRI Bæjarráð Akureyrarbæjar hafnaði í síðustu viku erindi fyrirtækisins Fallorku um að fá að reisa tveggja megavatta vatnsafsvirkjun í Glerárdal.

Fyrir bæjarráðsfundi lá ósk um breytingar á skipulagi í dalnum svo að þar yrði hægt að virkja.

„Bæjarráð telur ekki ástæðu til að ráðast í virkjun í Glerá að svo stöddu,“ segir í fundargerð.

Einungis fulltrúi Sjálfstæðisflokksins reyndist hlynntur virkjuninni þegar málið kom til atkvæðagreiðslu í bæjarráðinu. Þrjár fulltrúar annarra flokka greiddu atkvæði á móti.

Sjómenn á frystitögurum verða að ná í land fyrir atkvæðagreiðslu:

Fá ekki að kjósa um Icesave

KOSNINGAR Sjómenn á þeim frystitögurum sem fóru til veiða í vikunni, ná ekki í land til þess að kjósa um Icesave-lögin. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst ekki fyrr en 16. mars og kosid verður um lögin 9. apríl. Frystitogarar eru flestir um 30 daga á sjó í einu.



KOSNINGAR Sjómenn eru ósattir við að fá ekki að kjósa um Icesave-lögin.

„Okkur finnst þetta orðið svolítið hart þegar við sem erum í 30 daga túrum eigum ekki kost á því að kjósa,“ segir Bergþór Gunnlaugsson, afleysingaskipstjóri á Hrafní GK 111. „Þetta var eins í stjórnlagaþingskosningunum, þar sem þetta var allt of stuttur tími.“

eru til sjós, sé á bilinu 500 til 1.000 manns.

„Þetta er mikill fjöldi sem hefur ekki tækifæri til að nýta lýðræðislegan rétt sinn með því að kjósa,“ segir hann. Á Hrafní GK 111 eru 26 manns í áhöfn. Bergþór segir mikla óánægju ríkja meðal áhafnarinnar vegna málsins. Hann hafi sent athugasemdir til ráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis, en ekki fengið nein haldbær svör.

Bergþór segir að fjöldi þeirra sjómanna sem ekki ná að kjósa um Icesave vegna þess að þeir

„Í venjulegum kosningum hefur fresturinn verið það langur að þó við séum 30 daga úti, þá náum við samt að kjósa,“ segir hann.

Stjórnlagaráð á leið til síðari umræðu

Formaður allsherjarnefndar býst við að þingsályktun um skipun stjórnlagaráðs verði afgreidd úr nefndinni í dag. Meirihlutinn leggur til smávægilegar breytingar. Fulltrúi Framsóknarflokksins telur málið byggt á annarlegum forsendum.

ALÞINGI Allsherjarnefnd lýkur að öllum líkindum meðferð tillögu um skipun stjórnlagaráðs á fundi sínum í dag. Búist er við að síðari umræða um málið og atkvæðagreiðsla fari fram á allra næstu dögum.

Allsherjarnefnd ræddi málið á fjórnum fundum í síðustu viku og fékk til sín fjölmarga gesti.

Róbert Marshall, formaður nefndarinnar, segir að farið hafi verið vandlega yfir málið. „Sitt sýnist hverjum um þessa aðferð en hún stangast ekki á við stjórnarskrána og er ekki brot á lögum. Sigurður Línadal sagði reyndar að þetta gæti hugsanlega flokkast undir stjórnarskrársniðgöngu en ég er ekki sammála því. Þetta er leiðin sem er pólitískur vilji til að fara og það eru fyrst og fremst pólitísk rök sem liggja henni til grundvallar.“

Róbert segir meirihlutann leggja til tæknilegar breytingar á þingsályktunartillögunni, meðal annars þá að Alþingi skipi stjórnlagaráð en ekki forseti þess.

Vigdís Hauksdóttir, fulltrúi Framsóknarflokksins í allsherjarnefnd, er andvíg málinu. „Þeir stjórnskipunarfræðingar sem komu fyrir nefndina ráðlögðu að þessi leið yrði ekki farin. Ég tel því að með þessu máli sé gengið gegn góðri lagasetningu. Ég er talsmaður þess að við vöndum lagasetningu en það virðist eins og það eigi ekkert að læra af hruninu. Það er bara haldið áfram með bundið fyrir augun.“

Vigdís segir að sér virðist sem



KOSID TIL STJÓRNLAGAÞINGS Hæstiréttur ógilti kosninguna sem fram fór í nóvember. Vilji meirihluta stjórnarflokka stendur til þess að þeir sem þá hlutu kosningu skipi stjórnlagaráð og geri tillögu um stjórnarskrábreytingar.



RÓBERT MARSHALL



BIRGIR ÁRMANNSSON



VIÐÍS HAUKSÓTTIR

málið snúist fyrst og fremst um að bjarga þeim kostnaði sem þegar hafi verið stofnað til með meiri kostnaði svo ekki þurfi að afskrifa alla upphæðina. „Það er það sem liggur undir þessari tillögu en ekki

umhyggjan fyrir því að við fáum vandaða og góða stjórnarskrá.“

Birgir Ármannsson Sjálfstæðisflokki staðfestir orð Vigdísar. „Þeir [lögfræðingarnir sem komu fyrir allsherjarnefnd] voru þeirrar skoðunar að það væri verið að fara á svig við niðurstöðu Hæstaréttar, sem væri óheppilegt.“

Birgir segist munu leggja til að málið verði fellt.

Skotárás í New Orleans:

18 ára unglingskotinn til bana

BANDARÍKIN Átján ára piltur var skotinn til bana í New Orleans í Bandaríkjunum á laugardagskvöld.

Fjögur ungmenni á aldrinum fjórtán til átján ára særðust einnig þegar maður gekk inn á skemmtistað og hóf skothríð en ungmennin voru stödd þar í gleðskap.

Skotmaðurinn flúði eftir árásinu og hefur ekki fundist. Lögregla hefur lýst eftir vitnum að atvikinu.



UPPI Á ÞAKI Maðurinn skömmu áður en honum var bjargað af húspakinu.

Sextugum manni bjargað:

Flaut um á húspaki í tvo daga

TÓKÝÓ, AP Björgunarsveitir björguðu sextugum manni sem flaut um á húspaki sínu um fimmtán kílómetrum frá bænum Fukushima í Japan. Áður en flóðbylgjan, sem kom í kjölfar öflugs jarðskjálfta, skall á húsinu hans á föstudaginn náði hann að koma sér upp á þak. Eftir að hafa flotíð um á þakinu í tvo daga sáu loks björgunarsveitarmenn hann veifa rauðum fána sem hann hafði útbúið. Að sögn mannsins skall flóðbylgjan á húsinu þegar hann og eiginkona hans höfðu snúið heim eftir jarðskjálftann til að ná í eigur sínar. Konan hans lenti í fljóðbylgjunni en hann náði að bjarga sér.

Minnsti maður í heimi:

Rúmur hálfur metri á hæð

FILIPPSEYJAR Junrey Balawing frá Filippseyjum er 55 sentimetrar og 88 millimetrar á hæð. Hann verður að öllum líkindum skráður í heimsmetabók Guinness sem minnsti maður í heimi þegar hann nær 18 ára aldri, í júní á þessu ári.

„Ef ég væri minnsti maður í heiminum væri það nokkuð töff,“ sagði Junrey við fjölmiðla. Khagendra Thapa Maga er minnsti maður í heimi í dag samkvæmt heimsmetabók Guinness en hann er 67 sentimetrar á hæð.

NÝTT
Lífræn barnamjólk
Við ❤️ lífrænt

hipp.is fyrir 12 mánaða og eldri

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

ROK OG RIGNING
Varað er við stormi á landinu í dag og mikilli rigningu sunnan- og vestanlands. Það kólnar á landinu á morgun og má búast við eljagangi og allhvössum eða hvössum vindi vestantil. Á miðvikudag lægir og lítur út fyrir frost um allt land.

Á MORGUN 13-20 m/s, hvassast V-til.

MIÐVIKUDAGUR Fremur hæg vestanált.

HEIMURINN

Alicante	16°
Basel	16°
Berlín	13°
Billund	9°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	17°
London	10°
Mallorca	20°
New York	9°
Orlando	27°
Ósló	1°
París	16°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

ÞÚ...

... getur leitað lausna í samstarfi við okkur.

HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG? 

Við bjóðum viðskiptavinum okkar sértækar lausnir á greiðsluvanda heimilsins.

Lítill greiðsluvandi:

- Greiðslujöfnun
- 110% leiðin
- 5.000 kr. fastar greiðslur í erlendri mynt

Meðal greiðsluvandi:

- Lenging lánstíma
- Frysting vaxta og/eða afborgunarhluta
- Vanskil lögð við höfuðstól

Mikill greiðsluvandi:


- Sértæk skuldaaðlögun

Kynntu þér lausnir fyrir heimilin á byr.is. Með persónulegri þjónustu reynum við að finna lausnina fyrir þig.

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is


BYR

KJÖRKASSINN



Safnar einhver „mottu“ á þínu heimili?

Já	34%
Nei	66%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú upplifað eða orðið vitni að einelti á þínum vinnustað?

Segðu skoðun þína á visir.is



Ný íslensk teiknimynd sem upplýsir börn um viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi brátt tekin til sýningar:

Frumsýna teiknimynd með forvarnargildi

SAMFÉLAGSMÁL Ný fræðslumynd um kynferðisofbeldi verður sýnd í skólum landsins á næstunni. Samtökin Réttindi barna hafa á undanförunum tveimur árum unnið að undirbúningi og gerð forvarnarteiknimyndar sem upplýsir börn um hvað kynferðislegt ofbeldi er og hvernig þau geta brugðist við því.

„Við höfum verið að sýna sérfræðingum, kennurum og börnum myndina og fengið hjá þeim mjög góðar viðtökur,“ segir Andrea Ósk Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Réttinda barna. „Hún var send í alla skóla í síðustu viku svo að þeir geti tekið þátt í frumsýningarviku.“

Myndin heitir „Leyndarmálið“ og fjallar um tvo álfakrakka sem leita svara við því hvort og hvernær megi segja frá leyndarmálum.


„Það er mjög flókin spurning,“ segir Andrea. „En krakkarnir fá að heyra dæmisögu sem skilgreinir hvaða leyndarmál eru góð og hver eru slæm og láta manni líða illa.“

Leyndarmálið er samstarfsverkefni og hefur margt helsta fagfólk í þessum málaflakki staðið saman að gerð hennar. Vonir standa til að myndin verði þýdd og sýnd í fleiri löndum í framtíðinni. Helsti markhópur er börn í kringum átta ára aldur.

Hægt er að nálgast myndina á heimasíðunni www.reykjavik.is/leyndarmalid.

- sv

EMBLA OG ÁLFUR Álfakrakarnir læra hvaða leyndarmál eru góð og hver eru slæm.



Vargöld í Mexíkó:

Lögreglustjóri leitar hælís

MEXÍKÓ Tvítug kona, sem varð heimsfræg þegar hún varð lögreglustjóri í einum af róstursamari bæjum Mexíkós, hefur sótt um hæli í Bandaríkjunum vegna morðhótana.

Afbrotfræðineminn Marisol Valles Garcia vakti heimsathygli þegar hún varð lögreglustjóri í bænum Praxedis G. Guerrero nærri landamærum Bandaríkjaanna í fyrra. Þar hafa fíkniefnagengi borist á banaspjót, meðal annars um smygleiðir til Bandaríkjanna, með tilheyrandi mannfalli.

Forveri Garcia í embætti hafði verið myrtur og því var henni hrósað fyrir hugrekki þegar hún tók að sér lögreglustjórastarfið. Hún býður þess nú að innflytjendastóll í Bandaríkjunum taki ósk hennar fyrir.

Reykskynjarar gagnast ekki:

Börn vakna ekki við vælið

ÁSTRALÍA Minna en einn þriðji hluti barna á aldrinum fimm til fimmtán ára vaknar við væli í reykskynjara.


Þetta eru niðurstöður Ástralaskrar könnunar sem kynntar voru í blaðinu Fire and Materials, og sagt er frá á Science Daily.com.

Foreldrar 123 barna létu reykskynjara væli í 30 sekúndur eftir að börnin höfðu verið sofandi í eina til þrjár klukkustundir.

Tæp 80 prósent barnanna sváfu vært þrátt fyrir vælið. Af börnum á aldrinum 5 til 10 ára sváfu 87 prósent af sér vælið en 56 prósent barna 11 til 15 ára.

Af þeim börnum sem vökuðu þekkti einungis helmingur hljóðið og helmingur þeirra vissi hvernig átti að bregðast við.

Fjöldi íslenskra málmiðnaðarmanna sem búa utan landsteinanna



HEIMILD: UPPLÝSINGAVEITAN FANNIR EHF.

Yfirvofandi skortur í málmiðnaðinum

Yfirvofandi er skortur á íslenskum málmiðnaðarmönnum hér á landi. Kjörin verða að batna og viðhorf til menntunar að breytast, að mati formanns FVM. Alls eru 545 málmiðnaðarmenn búsettir erlendis og 8.280 á Íslandi.

ATVINNUMÁL Skortur á íslenskum málmiðnaðarmönnum er yfirvofandi hér á landi á næstu árum. Gífurleg afturför hefur orðið í menntu í greininni, að mati Guðmundar Ragnarssonar, formanns Félags vélstjóra og málmteknimanna.

Guðmundur segir atvinnuleysi meðal starfsstéttarinnar hlutfallslega sama og ekkert og ef einhverjar af þeim stóru framkvæmdum sem liggja í kortunum fari af stað á næstunni, verði hér verulegur skortur á málmiðnaðarmönnum.

„Það liggur ljóst fyrir að ef farið verður af stað með stækkun á álverinu eða áframhaldandi vinnu við virkjanir, þá verða erlendir vélvirkjar og málmiðnaðarmenn fluttir til landsins til að sinna verkunum,“ segir Guðmundur. „Ef við menntum ekki fleira fólk á næstu fimm til sjö árum, þá förum við að nálgast þann tímapunkt að það verður ekki til mannskapur til að sinna þessum verkum.“

Eftir efnahagshrunið var

nokkuð mikið um það að íslenskir málmiðnaðarmenn fluttu til útlanda, flestir til Noregs, þar sem launin voru oft á tíðum meira en helmingi hærrí. Guðmundur segir að nauðsynlegt sé að bæta kjör málmiðnaðarmanna hér á landi til þess að halda starfsstéttinni gangandi. Útseld vinna í smiðjunum sé allt of lágt verðlögð.

„Kjörin þurfa að batna,“ segir hann. „Í dag þurfa fyrirtæki að skipuleggja viðhaldsverkefni með margra mánaða fyrirvara til þess að tryggja að smiðjur hafi nægan mannskap til að fara í verkin.“

Að mati Guðmundar er nauðsynlegt að koma sterkum boðskap til samfélagsins og stjórnvalda til þess að bæta aðstæður málmiðnaðarmanna hér á landi og laða fólk að greininni.

Nokkur fjöldi íslenskra málmiðnaðarmanna býr og starfar í útlöndum í dag, eða 545 manns. Af þeim er ein kona, búsett á Ítalíu. Alls hafa 9.166 manns tekið próf í málmiðngreinum frá því iðnaðar ráðuneytið hóf skráningu á prófunum. Þar af eru eftirlifandi 8.280

Málmiðngreinar

Heildarfjöldi lokaprófa í málmiðngreinum hér á landi.

- Vélsmiði - 3.424
- Bífvélavirkjun - 2.009
- Rennismíði - 512
- Vélvirkjun - 500
- Flugvélavirkjun - 468
- Bífréiðasmíði - 436
- Blikksmiði - 424
- Ketil- og plötusmiði - 345
- Rafsuða - 285
- Skipa- og bátasmíði - 235
- Bílamálun - 232
- Stálvirkjasmíði - 90
- Stálskipasmíði - 76
- Stálsmiði - 73
- Málmsuða - 22
- Járnsmiði - 18
- Málmsteypa - 17

einstaklingar og um 7.735 búa hér erlendis, eða um 90 prósent. Af þeim eru 37 konur, sem gerir 0,4 prósent af heildarfjöldanum.

sunna@frettabladid.is

Ný könnun ASÍ á lausasölulyfjum sýnir mikinn verðmun á milli apóteka:

Allt að 85 prósentu verðmunur

NEYTENDUR Allt að 85 prósentu verðmunur er á lausasölulyfjum í apótekum samkvæmt verðkönnun ASÍ á lausasölulyfjum sem gerð var mánudaginn 7. mars.

ASÍ kannaði verð á 34 algengum lyfjum sem eru seld án lyfseðils. Farið var í apótek víðs vegar á landinu en Ólafsvíkura pótek neitaði þátttöku í könnuninni. Garðsápótek við Sogaveg var oftast með

lægsta verðið á lausasölulyfjum, í 16 tilvikum af 34. Laugarnesapótek við Kirkjuteig var oftast með hæsta verðið, í 22 tilvikum. Í 23 tilvikum var allt að helmingur verðmunur á hæsta og lægsta verði.

Mesti verðmunurinn sem mældist í könnuninni var á sótthreinsandi sápu Hibiscrub 500 millilitra, sem var dýrust á 3.690 krónur í Lyfjum og heilsu og ódýrust á 1.998

krónur í Apóteki Hafnarfjarðar og Apóteki Vesturlands. Það gerir 85 prósentu verðmun.

ASÍ setti saman pakka af sex lausasölulyfjum sem eru algeng á heimilum landsmanna. Þessi pakki var ódýrastur á 3.940 krónur í Garðsápóteki og dýrastur á 5.551 krónur í Laugarnesapóteki. Það gerir 1.611 króna verðmun, eða 41 prósent.

100 KRÓNUR
 Í mars renna 100 kr. af hverjum seldum pakka af Nicotinell beint til átaxsins Mottumars

MOTTU MARS
 Gegn krabbameini í kólum

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

TILBOÐ
 sex saman í pakka

KÓKÓ mjólk

ISLENSKA SÍLA P. NKA 45363 04.009



NEW
THINKING.
NEW
POSSIBILITIES.

NÝR OG GLÆSILEGUR HYUNDAI

i20



i20

Í hreinskilni sagt, hversu stóran bíl þarftu í raun og veru? Heimsókn í sýningar-
salinn okkar gæti orðið til þess að þú svarir öðruvísi en hingað til. Hyundai *i20*
er ekta ofursmábíll, sparneytinn og lípur en svo miklu stærri en þú heldur.
Komdu og reynsluaktu Hyundai *i20*, hann á eftir að koma þér á óvart.

Verð frá: 2.490.000 kr.

Eyðsla í blönduðum akstri 5,4l/100km

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

Komdu
og reynslu-
aktu nýjum
Hyundai
í dag!



i30

i30 er rúmgóður og vel búinn fjölskyldubíll. **Verð frá 2.690.000 kr.**
Eyðsla í blönduðum akstri 6,1l/100km



Allsherjar- atkvæðagreiðsla

Rafræn allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs formanns og sjö sæta í stjórn VR, skv. 20. gr. laga félagsins, hefst kl. 09:00 þann 16. mars nk. og lýkur kl. 12:00 á hádegi þann 30. mars nk.

Allar nánari upplýsingar er hægt að nálgast á www.vr.is eða með því að hringja á skrifstofu félagsins í síma 510 1700.

Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

Öskufall og öskufok vegna eldgoss í Eyjafjallajökli: Hafði lítil áhrif á heilsu búfjár

LANDBÚNAÐUR Enn sem komið er bendir fátt til þess að öskufallið frá Eyjafjallajökli hafi haft veruleg áhrif á heilsufar búfjár. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar Matvælastofnunar.

Ekki er talin ástæða til að óttast skaðleg áhrif flúors í fóðri og ekki hefur orðið alvarleg uppsöfnun járnns í sermi í búfé. Tekið er fram í tilkynningu frá Matvælastofnun að þó sé full ástæða til þess að hafa sérstaka vöktun á heilsufari búfjár á stóru svæði á Suðurlandi og fylgjast með hvort einhver langtímaáhrif verða af öskufalli og öskufoki. - sv



BÚFÉNAÐUR UNDIR EYJAFJÖLLUM Rannsóknarniðurstöður Matvælastofnunar benda til þess að askan hafi ekki haft skaðleg áhrif á heilsu búfénaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



HVASSALEITISSKÓLI Foreldrar eru ósáttir við sameiningarhugmyndir borgaryfirvalda og telja að þær geti grafið undan starfsemi skólans.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Skólinn liðist í sundur við sameiningu

Foreldrar í Hvassaleitisskóla eru andsnúnir sameiningu og flutningi unglingastígs. Fulltrúi meirihluta segir fækkun nemenda kalla á nánari skoðun.

SKÓLAMÁL Foreldrar barna í Hvassaleitisskóla hafna alfarið fyrirhugaðri sameiningu skólans og Álftamýrarskóla og saka borgaryfirvöld um vanvirðingu í garð barna, foreldra og starfsfólks skólans.

Í umdeildri skýrslu starfshóps borgarinnar um sameiningar skóla er lagt til að skólarnir verði sameinaðir, bekkir á unglingastigi í Hvassaleitisskóla verði aflagðir og nemendur fari þess í stað í Álftamýrarskóla eða Réttarholtsskóla. Rúmlega 200 börn eru nú í Hvassaleitisskóla.

Einar Ólafsson, varaformaður foreldrafélags Hvassaleitisskóla, segir í samtali við Fréttablaðið að þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hafi þau engar upplýsingar fengið um sameininguna.

„Við höfum þessum tillögum, enda er ekki hægt að samþykkja neitt ef upplýsingar liggja ekki fyrir.“

Einar segir að margt skjóti skökku við í framsetningu skýrslunnar. Ein helstu rökin á bak við þessa sameiningu er fækkun barna í hverfinu og fyrirsjáanleg fækkun barna á skólaaldri næstu ár. Einar segir að horfa ætti til lengri tíma en gert er í skýrslunni. „Við hefðum viljað sjá nemendaspá fyrir næstu átta til tíu ár að lágmarki. Það er verið að skipuleggja til langs tíma og þá er rétt að skoða nemendafjöldann til lengri tíma líka.“

Einar segir foreldra ekki andsnúna hagræðingu en þeir hafi áhyggjur af því að með færslu unglingabekkjanna verði grafið undan skólanum.

„Þá hljóta foreldrar að velta því fyrir sér hvort ekki sé best að færa öll börnin strax yfir í Álftamýrarskóla. Þetta er eins og að kasta sprengju þarna inni því að skólinn mun springa og liðast í sundur frá og með næsta hausti ef þetta gengur eftir.“

Eva Einarsdóttir, borgarfulltrúi Besta flokksins og fulltrúi í starfshópnum, segir í samtali við Fréttablaðið, að spár um nemendafjölda hafi kallað á að skólastarfið í Hvassaleitisskóla væri skoðað.

„Vissulega getur þetta haft áhrif þegar fólk flytur í hverfið og er að ákveða skóla fyrir börnin sín. En þar sem þetta er mjög viðkvæmt mál mun þetta ekki koma til framkvæmda fyrr en á næsta ári.“

Í vannýttu húsnæði skólans ráðgera borgaryfirvöld að koma fyrir þjónustu- eða menningarstarfsemi fyrir hverfið, til að mynda bókasafni, en Einar segir foreldra ekki hrfina af þeirri hugmynd.

„Frekar væri hægt að hugsa sér að sjá þar eitthvað skólatengt, líft og tónlistarskóla, myndlistarskóla eða leiklistarskóla.“

Sameiningartillögunar eru nú í umsagnaferli sem mun standa til 25. mars.

thorgils@frettabladid.is



Dagurinn er bara allt annar

Ota haframjölilið er framléitt úr 100% sérvöldum höfum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin.



Hafragrautur úr Ota Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjarikum og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

OTA SOLGRYN

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti frétt- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR.IS

Umdeild áform í skólum Reykjavíkur:

Sameiningaráform í grunnskólum, leikskólum og frístundaheimilum borgarinnar eru afar umdeild.

Á hverfafundum borgaryfirvalda hafa foreldrar opinberað óánægju sína með tillögurnar. Foreldrar í Grafarvogi og Breiðholti höfnuðu alfarið sameiningarhugmyndum með harðorðum ályktunum.

Er vísað til þess að engin haldbær rök séu fyrir sameiningunum og hvorki hafi verið sýnt fram á fjárhagslegan eða faglegan ávinning.

ÞÚ FÆRÐ AFSLÁTTINN STRAX

Þegar þú verslar hjá Olís og greiðir með peningum eða greiðslukorti, framvísar þú Staðgreiðslukortinu og færð afsláttinn strax. Sæktu um Staðgreiðslukortið og þú færð það sent frítt.

SÉR TILBOÐ MEÐ STAÐGREIÐSLUKORTI:



Gildir 11.-25. mars

QUIZNOS-VEFJA
sweet chili
áður 599 kr.
399 kr.



Quiznos

BARBEQUE-BORGARI
með frönskum og sósu
áður 1.285 kr.
899 kr.



KÓK 0,5 l OG
PRINCE POLO XXL
áður 398 kr.
239 kr.



SONAX-ÞVOTTALÖGUR
OG 2 SVAMPAR
áður 1.495 kr.
897 kr.



ALLTAF MEÐ STAÐGREIÐSLUKORTI:

-3KR.
AF ELDSNEYTI

5%
AF ÖLLUM
VÖRUM*

-3KR.
Í FORMI
VILDARPUNKTA
ICELANDAIR



Þú getur sótt um Staðgreiðslukortið í snjallsímanum þínum með QR-merkinu hér fyrir ofan, á olis.is eða á næstu Olís-stöð.



Vinur við veginn

*Ekki er veittur afsláttur af blóðum, tímaritum, tóbaki, símakortum eða happdrættismidjum.

Er verið að plata skattgreiðendur til að borga kjördæmapot norður í landi?

Svör óskast

Félag Íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) hefur sett fram rökstudda gagnrýni á áformin um jarðgöng undir Vaðlaheiði. FÍB ber brögður á þá útreikninga sem liggja framkvæmdinni til grundvallar og bendir á að þótt stofna eigi sérstakt félag um framkvæmdina, sé tekin áhætta sem geti lent á skattgreiðendum vegna ríkisábyrgðar á lánunum vegna hennar.

FÍB telur að núverandi kostnaðaráætlun, um að göngin muni kosta 10,4 milljarða króna, standist ekki og heildarkostnaður verði 14,5 til 17,3 milljarðar eftir því hvaða vextir fáist. Félagið dregur í efa réttmæti útreikninga Greiðrar leiðar, félagsins sem átti frumkvæði að framkvæmdinni, á fjármagnskostnaði og segir fullkomlega óraunhæft að fjárfestar samþykki þriggja prósentu vexti á jafnáhættusamri framkvæmd.

Þá dregur FÍB í efa áætlanir um umferð um göngin, sérstaklega að sumarlagi þegar leiðin er greið um Víkurskarð. Félagið telur að vegtollur um göngin þurfi að vera minnst 1.100 krónur en ekki 800 krónur eins og gert er ráð fyrir í áætlunum og spyr hver vilji borga þá upphæð til að spara 400 króna benzínkostnað og níu mínútna akstur.

FÍB segir Vaðlaheiðargöngin ekki brýnustu samgönguframkvæmdina eins og nú stendur á. Margt rennir stöðum undir það mat. Hér í Fréttablaðinu birtist fyrir skömmu samanburður á slysatíðni á álíka löngum köflum á Norðurlandsvegi um Víkurskarð, á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Alvarleg slys, þar með talin banaslys, eru margfalt tíðari á síðarnefndu vegarköflunum tveimur og þjóðhagsleg hagkvæmni þess að setja framkvæmdir við þá vegi framar á forgangslistann liggur því í augum uppi.

Á vef FÍB segir um ákvörðunina um Vaðlaheiðargöng að hún sé „ísköld kveðja til íbúa Suðvesturlands sem mega enn um langa hríð búa við slyshæstu og hættulegustu vegi landsins. Hún er ísköld kveðja til Norðfirðinga, sem enn skulu fá að búa við stórháskalegan og erfiðan fjallveg og göng um Oddsskarð, til íbúa Vestfjarða sem enn skulu um langa hríð fá að búa við verstu vegi landsins.“

FÍB telur það undirstrika „kjördæmapotið“ að á stofnfundi félagsins um Vaðlaheiðargöng hafi þeir verið viðstaddir, Steingrímur J. Sigfússon, fjármálaráðherra og 1. þingmaður Norðausturkjördæmis, og Kristján Möller, 3. þingmaður kjördæmisins og fyrrverandi samgönguráðherra, sem segja má að eigi talsvert undir því að framkvæmdin sem hann hefur lengi barizt fyrir verði að veruleika. Sá síðarnefndi var kjörinn í stjórn. „Getur kjördæmapotið orðið öllu skýrara?“ spyr FÍB.

Sporin hræða í þessum efnun. Framkvæmdir sem stjórnsmálsmenn hafa keyrt áfram í þágu kjördæmishagsmuna hafa iðulega reynzt skattgreiðendum miklu dýrari en látið var í veðri vaka í upphafi. Nærtækt dæmi eru Héðinsfjarðargöngin, sem upphaflega áttu að kosta sjö milljarða en enduðu í fjórtán.

Skattgreiðendur og notendur veganna eiga fulla heimtingu á að forsvarsmenn Vaðlaheiðarganga, þar á meðal þingmaðurinn Kristján Möller, fjármálaráðherrann Steingrímur J. Sigfússon og innanríkisráðherrann Ögmundur Jónasson svari gagnrýni FÍB með ýtarlegum og málefnalegum hætti. Það á að vera liðin tíð að skattgreiðendur séu plataðir til að borga kjördæmapotið með óraunhæfum áætlunum.

FRÉTTABLAÐIÐ
 ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Edwald
 RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísir eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

FRÁ DEGI TIL DAGS

Krónan í kennitöluflakki

Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna og formaður viðskiptanefndar Alþingis, segir bestu leiðina til þess að koma íslensku krónunni á stall með alvörumyndum að skipta út nafni hennar. Krónuna mætti jafnvel kalla íslensku evruna. Samfylkingarfólk gæti sætt sig við hana, að mati Lilju, sem var gestur Egils Helgasonar í Silfrinu á RÚV í gær þar sem hún viðraði hugmyndina.

Þar sagði Lilja kennitöluflakkið alveg í himnalagi; fjárfestar hafi lélegt skammtímaminni auk þess að rugla saman gjaldmiðlum sem notaðir eru á Norður-löndunum.



Eins og Þjóðverjar

Þjóðverjar eru þar á meðal en þeir breyttu um nafn á gjaldmiðli sínum og það í þriggja á síðustu öld. Á þriðja áratugnum var þýska markinu skipt út fyrir Rentenmark í baráttunni gegn óðaverðbólgu eftirstríðsáranna. Gullforði landsins var þá enginn og var hin nýja mynt tengd við löðaverð. Við skiptingu Þýskalands eftir seinni heimsstyrjöld fór markið sömu leið, eitt mark var tekið upp í Vestur-Þýskalandi en annað í austri.

Myntirnir sameinuðust aftur eftir fall múrsins og er evran notuð þar í dag.

Góð fyrirmynd?

Breyting á nöfnum fyrirtækja í kjölfar vandræða er hins vegar engin nýlunda hér og gjarnan tengd braski og öðrum heldur skuggalegum gjörningum. Þannig breyttu öll kortafyrirtækin um nöfn eftir að upp komst að þau hefðu svinað saman á nýjum keppinauti um fjögurra ára skeið skömmu eftir síðustu aldamót. Þá er þess skemmt að minnst að nýju bankarnir tóku allir upp ný nöfn eftir að þeir gátu ekki staðið við skuldbindingar sínar haustið 2008. Hvort Nýja-Kaupþing og Ný-Glínir hafi aukið tiltrú á bönkunum skal ósagt látið.



HALLDÓR



Hætta steðjar að heilbrigðiskerfinu

Heilbrigðismál



Elsa B. Friðfinnsdóttir
 formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Þegar fólk er spurt að því hvað sé dýrætast í lífinu nefna flestir fjölskylduna og heilsuna. Fólk segist jafnvel tilbúið til að borga hærri skatta fari þeir í heilbrigðiskerfið og tryggja góða og ódýra þjónustu fyrir alla. Við höfum státað okkur af því að eiga gott heilbrigðiskerfi og sannarlega höfum við náð svo góðum árangri á mörgum sviðum að eftir er tekið.

Grunnurinn að góðu heilbrigðiskerfi er þekking þeirra sem þar starfa. Nú bregður hins vegar svo við að þessi grunnur er að veikjast.

Fyrir því eru aðallega tvær ástæður. Annars vegar er það að heilbrigðisstarfsmenn, einkum hjúkrunarfræðingar og læknar, eru í vaxandi mæli að fara til starfa erlendis eða velja að koma ekki heim að loknu framhaldsnámi.

Þetta vel menntaða fólk leit út fyrir landsteinana vegna tilboða um betri starfsaðstæður og kjör en þeim standa til boða hér á landi. Það er illa farið

með okkar sameiginlega fé að nýta ekki menntun þeirra hér á landi. Við þurfum sannarlega á þeim að halda.

Grunnur heilbrigðiskerfisins er einnig að veikjast vegna þess hve mjög er hert að þeim háskóladeildum sem mennta heilbrigðisstarfsmenn.

Fjárveitingar til deildanna hafa verið skertar verulega, en þær byggja að mestu á rannsóknnum kennara og nemendafjölda.

Því eru fá úrræði önnur sem stjórnendur deildanna geta gripið til í sparnaðarskyni, en að draga úr kennslu og minnka þjónustu við nemendur. Slíkt leiðir til minni gæða námsins sem veikir heilbrigðiskerfið þegar til lengri tíma er litið.

Það tekur langan tíma að byggja upp gott heilbrigðiskerfi en stuttan tíma að brjóta það niður.

Það niður. Í þeim niðurskurði sem óhjákvæmilegur er hér á landi verða stjórnvöld að horfa til framtíðar og verja þá þætti samfélagsins sem fólki eru dýrætastir.

Nú eru aðrir tímar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
riðhöfundur

Annarra manna kaup er kannski ekki jafn frábæra skemmtilegt umræðuefni og stundum mætti ætla hér á landi þar sem vandlega er fylgst með því hvaða laun silkiþúfur samfélagsins fá. Það er ekki til að auðvelda þá umræðu að Íslendingar hafa vanið sig á að tala um launin sín eins og bændur svara þegar þeir eru spurðir um það hversu marga hesta þeir eigi: gera sem minnst úr því og bera sig sem átakanlegast. Nú er meira að segja komið á daginn að sjálf mynd ráðvæðni og heimsafneitunar, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur fengið fastar greiðslur frá forsetaembættinu í niðurskurðartíðinni fyrir að vera handhafi forsetavalds í fjarveru hans, rétt eins og ekki sé einu sinni búið að finna upp ritsímamann og forsetinn hætti að vera forseti Íslands um leið og hann fer upp í flugvél, sem hlýtur að tákna að hann sé eiginlega aldrei forseti Íslands því að hann er alltaf í útlöndum.

Launalimbó

Allt hefur þetta því miður sýnt

okkur að ekki hefur einu sinni tekist að láta laun Jóhönnu Sigurðardóttur miðast við laun Jóhönnu Sigurðardóttur eins og hún mæltist þó til á sínum tíma, og efast enginn um heilindi hennar í því.

Um hríð virtist í gangi einhvers konar launalimbó. Ráðamenn kepptust við að lækka sig í launum meira en hinir ráðamennirnir en nú hefur sem sé komið á daginn að þessi limbókeppni einkenndist af vissum tvískinnungi. Hvernig má svo sem öðruvísi vera, þegar viðhorf flestra til hálauna hér á landi eru lituð af aðáunarhatri. Um árabíl var manngildi mælt hér í peningum. Peningaeygn réði stöðu fólks í mannvirðingastiganum. Hér var algjört auðræði fram að hrúni og kjörnir fulltrúar upp til hópa fjármagnaðir af fyrirtækjum – það er að segja keyptir. Við hrúnið snerist þetta við. En auðvitað eimir eftir af hatursfullri aðáun á þeim sem duglegir eru að hremma til sín.

En nú er okkur sem sé ætlað að dá þann ráðamanninn mest sem lægst hefur kaupið. Nú á að vera auðmjúkur – ekki auðsjúkur. Eiginlega býður maður bara eftir því að forsetinn og ráðherrarnir og bankastjórnir fari að ganga um á lendaskýlum eins og Gandhi og skúra klósettin eins og hann gerði til að afla sér valda með ýrasta valdaleysi, ná hæðum með algjörri lægingu.

Öðrum er sama

Icesave

Sjö hæstaréttarlögmenn
skrifa um Icesave-lögin

hafa neikvæð áhrif í framtíðinni á traust Íslendinga í viðskiptum. Við munum frekar, hjá þeim sem á annað borð fylgjast með þessu, vaxa í álitu fyrir að láta ekki þvinga okkur til að taka á okkur skyldu til að greiða kröfur sem við eigum ekki að borga. Fellum Icesave-lögin.

Brynjar Nielsson hrl.
Björgvin Þorsteinsson hrl.
Haukur Örn Birgisson hrl.
Jón Jónsson hrl.
Reimar Pétursson hrl.
Tómas Jónsson hrl.
Þorsteinn Einarsson hrl.

Af fylgjendum Icesave-laganna má einna helst skilja að aðrar þjóðir fylgja með andakt með því hvort við samþykkjum að greiða þessar kröfur. Er þetta rétt? Auðvitað ekki.

Þetta mál nær ekki fréttatímum í nágrannalöndunum. Það er ástæðulaust að ætla að þetta muni

Og samt ...

Og samt finnst manni eiginlega að forsætisráðherra landsins eigi að hafa góð laun. Það eru sumar stéttir sem eiga að vera betur launaðar en aðrar vegna mikilvægis þeirra fyrir samfélagið: ráðherrar og embættismenn, læknar og hjúkrunarfólk, kennarar – ekki síst leikskólakennarar – og þannig mætti áfram telja. Laun eru ein leið samfélagsins til að sýna að tiltekin störf séu virðingarverð og verðmæt. Engum dettur í hug að amast við því að sjómenn hafi gott kaup fyrir sitt erfiða og dýrmæta starf en hins vegar á flest sómakært fólk erfitt með að skilja hvers vegna einhver á að bera offjár úr bítum fyrir það eitt að selja vinnandi mönnum aðgang að óveiddum fiski. Okkur er eiginlegt að samgledjast þeim sem auðgast af eigin rammleik. Og samfélagið þarf á vel efnuðum einstaklingum að halda.

Og nú er sem sagt komið á daginn að Höskuldur Ólafsson er með þrjár milljónir á mánuði fyrir það

að vera bankastjóri Arion-banka, sem er gamli Kaupþingsbankinn. Hann fékk eingreiðslu upp á tíu milljónir – eða var það tólf? – þegar hann var ráðinn bankastjóri, að því er okkur er tjáð eftir æsilegt kapphlaup bankans um starfskrafta hans við dótturfyrirtæki sitt. Óneitanlega virðist það þó hlægileg upphæð í samanburði við það sem Lárus Welding fékk á sínum tíma fyrir að gerast krana-stjóri í Glitni. En fólk finnst þetta samt svolítið mikið og ekki er auðséð að Höskuldur eða Birna Einarssdóttir, sem er með svipuð laun í Íslandsbanka, beri svona mikið af Steinþóri Pálssyni í Landsbankanum sem er bara á skitnum forsætisráðherraunum – sem eins og fyrr segir ekki einu sinni forsætisráðherrann er á.

Auðvitað viljum við að bankarnir séu öflugir og ein leið banka til að sýna styrk sinn og vald er að greiða bankastjórum hátt kaup, sem var ein ástæðan fyrir því að Sigurður Einarsson var með alla þessa skrilljarða á

RANGO M/isl. Tali	kl. 5:50	JUSTIN BIEBER-30 textalaus	kl. 5:40 - 8
JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta	kl. 5:40 - 8	I AM NUMBER 4	kl. 10:30
THE RITE	kl. 10:30	KING'S SPEECH	kl. 5:30 - 8
I AM NUMBER FOUR	kl. 10:30	TRUE GRIT	kl. 10:20
TRUE GRIT	kl. 8 - 10:20	SAMBIO KRINGLUNNI	
TRUE GRIT	kl. 5:40	THE WAY BACK Númeruð sæti	kl. 8 - 10:40
THE KING'S SPEECH	kl. 5:30 - 8	THE KING'S SPEECH Númeruð sæti	kl. 5:30 - 8 - 10:30
SAMBIO AKUREYRI		HALL PASS	kl. 8 - 10:20
THE KING'S SPEECH	kl. 5:40	GEIMAPARNIR 2 M/isl. Tali	kl. 6
THE WAY BACK	kl. 8 - 10:30	YOGI BEAR-30 M/isl. Tali	kl. 6(3D)
SPACE CHIMPS 2	kl. 6		
HALL PASS	kl. 8 - 10:10		

TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á
WWW.SAMBIO.IS

Karlastemning á Players

Karlavöld Players var haldið á föstudag. Fjöl-margir herra menn mættu til leiks og stemningin var góð.



Björggi og Mikael, betur þekktur sem Mikki Grikkí.



Handboltamaðurinn Daniel Már og Atli Rúnar rithöfundur.



Árni, Guðmundur og Agnar.



ÞRÍR HARDIR Knattspyrnusérfræðingurinn Hjörvar Hafliðason, Egill „Gillzenegger“ Einarsson og Sólmundur Hólm sem var veislustjóri kvöldsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Ívar, Unnar og Atli.

SMÁRABÍÓ FULLKOMINGAÆÐI!

MÖGNUG STÓRMÝND SEM BEIÐIR HEFUR VERIÐ EFTIR MEÐ EFTIRVENTINGU!

BATTLE: LOS ANGELES **LÚXUS**

RANGO

THE ROOMMATE

RANGO MED ÍSLENSKU TALI

RANGO MED ENSKU TALI

THE MECHANIC

JUST GO WITH IT

HÁSKÓLABÍÓ

OKKAR EIGIN OSLÓ

romantics

THE ROMANTICS

OKKAR EIGIN OSLÓ

RANGO MED ÍSLENSKU TALI

HOW DO YOU KNOW

BIG MOMMA'S HOUSE

BLACK SWAN

SMÁRABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
BATTLE: LOS ANGELES	KL. 5:30 - 8 - 10:30	THE ROMANTICS	KL. 5:50 - 8 - 10:10
BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS	KL. 5:30 - 10:30	OKKAR EIGIN OSLÓ	KL. 5:45 - 8 - 10:10
OKKAR EIGIN OSLÓ	KL. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	RANGO MED ÍSLENSKU TALI	KL. 5:40
THE ROOMMATE	KL. 8 - 10:10	HOW DO YOU KNOW	KL. 8 - 10:30
RANGO MED ÍSLENSKU TALI	KL. 3:30 - 5:45	BIG MOMMA'S HOUSE	KL. 10:30
RANGO MED ENSKU TALI	KL. 3:30	BLACK SWAN	KL. 5:30 - 8
THE MECHANIC	KL. 10:30		
JUST GO WITH IT	KL. 5:30 - 8		

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

BATTLE: LOS ANGELES KL. 8 - 10:15

RANGO MED ÍSLENSKU TALI KL. 6

RANGO MED ENSKU TALI KL. 10

OKKAR EIGIN OSLÓ KL. 6 - 8

Nánari upplýsingar og miðasala á **mid.is**

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

SMÁRABÍÓ

POWERSÝNING KL. 10:20

BATTLE: LOS ANGELES

JOHNNY DEPP OG GÖI ERÍ RANGO

HÁSKÓLABÍÓ

OKKAR EIGIN OSLÓ

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningar tímar
BATTLE: LOS ANGELES	8 og 10.20 (POWER)
RANGO - ENS TALI	5.50, 8 og 10.10
RANGO - ISL TALI	5.50
OKKAR EIGIN OSLÓ	6, 8 og 10

www.laugarasbio.is - bara lúxus sími 553 2075

Hvar vorum við? Hvert stefnum við?

Starfsafl og Landsmennt

- Fræðslusjóðir í 10 ár!

Í tilefni af 10 ára starfsafmæli Landsmenntar og Starfsafls bjóða sjóðirnir upp á ráðstefnu á Hótel Sögu (Stanford) 17. mars nk. kl. 14:00-17:00

Dagskrá verður í formi stuttra erinda um sögu, hlutverk og stefnu fræðslusjóða almennra starfsmanna og atvinnurekenda.

Fundarstjórn: Marianna Traustadóttir

Skráning á netföng sjóðanna: starfsafl@starfsafl.is og landsmennt@landsmennt.is

CAFÉ BÍÓ PARADÍS

ROKLAND (L)	17:50, 20:00, 22:10
THE FIGHTER (14)	17:50, 22:10
KVIKSETTUR (BURIED) (16)	20:00, 22:00
ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L)	17:40, 20:10
ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14)	17:40
INSIDE JOB	22:40
LILJUR VALLARINS (L)	20:00

MED STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

Ósætti um búsetu

Natalie Portman og unnusti hennar, balletdansarinn Benjamin Millepied, eru ekki sammála um hvar eigi að ala upp ófætt barn þeirra. Að sögn In Touch Weekly vill Portman ala barnið upp í París, heimaborg Millepied, en hann vill búa í New York.

„Ferill hans er loksins kominn á flug og þess vegna vill hann búa áfram í New York næstu árin,“ var haft eftir innanbúðarmanni. Portman vill aftur á móti taka sér frí frá kvikmyndaleik og sinna barnauppeldinu í friði og ró. „Hún hefur sagt Benjamin að hún vilji ekki ala barnið upp í nálægð við kvikmyndabransann heldur vilji hún



ÓSÁTT Natalie Portman og Benjamin Millepied eru ósammála um hvar eigi að ala upp ófætt barn þeirra.

NORDICPHOTOS/GETTY

flytja til Parísar þar sem þau fá fríð frá ágangi ljósmyndara.“

Komin í sambandsráðgjöf

Samband Halle Berry og Olivier Martinez er í vanda ef marka má nýjar heimildir. Forræðisdeila Berry og barnsföður hennar, fyrirsætunnar Gabriel Aubry, hefur tekið sinn toll af sambandi hennar og Martinez og því hafa þau ákveðið að sækja sér aðstoð.

„Dramatíkin í kringum forræðisdeiluna hefur ekki hjálpað sambandinu og þau eru komin í sambandsráðgjöf,“ var haft eftir heimildarmanni. Þarið mætti saman í Women In Film veislu sem haldin var í tengslum við Óskarsverðlaunaafhendinguna og að sögn sjónarvotta töluðust þau ekki við allt kvöldið. „Hann sat fjarri Halle og þau ræddust hvorki við né horfðu á hvort annað.“

Í VANDA Halle Berry og Olivier Martinez hafa ákveðið að fara í sambandsráðgjöf vegna mikils álags sem fylgir forræðisdeilu Berry við barnsföður sinn.

NORDICPHOTOS/GETTY



ARCTIC MONKEYS Fjórða plata sveitarinnar er væntanleg í sumar.

Fjórða plata Arctic í júní

Fjórða plata bresku strákanna í Arctic Monkeys nefnist Suck It and See. Hún er væntanleg í byrjun júní í gegnum útgáfufyrirtækið Domino. Upptökustjóri var James Ford sem er hluti af upptökuteyminu Simian Mobile Disco. Á meðal laga á nýju plötunni verða Brick By Brick, Library Pictures og All My Own Stunts. Síðasta plata Arctic Monkeys hét Humbug þar sem upptökustjóri var Josh Homme úr rokksveitinni Queens of the Stone Age.

Viðkvæmir foreldrar

Leikarinn Ryan Phillippe var gestur Ellen DeGeneres og viðurkenndi þar að móðir hans taki það mjög nærri sér þegar slúðursíður fjalla um hann.

„Móðir mín fylgist of vel með. Hún hefur verið veik og eyðir miklum tíma á netinu. Annan hvern dag fæ ég póst frá henni þar sem hún vill fá nánari útskýringu á hinum og þessum orðrómi,“ sagði Phillippe og bætti við að móðir

hans taki það nærri sér þegar hann fær neikvæða umfjöllun. „Hún spyr mig af hverju verið sé að kalla mig asna og ég segi henni að þeir kalli alla asna.“

ÁHYGGJUFULL MÓÐIR Að sögn Ryans Phillippe hefur móðir hans áhyggjur þegar fjallað er um son hennar á neikvæðan hátt.

NORDICPHOTOS/GETTY





Bragðgóðir...

... með kexinu

... á pítsuna

... í salatið

... í sósuna

... í súpuna

... í ostapinnana

... í köldu sósuna

... í pastaréttina

... í sælkeraréttina















FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

MEIRI ÍPRÓTTIR

VÍSIR.IS



ostur.is



6 HEIÐAR HELGUSON skoraði bæði mörk QPR í 2-1 sigri á Crystal Palace í ensku B-deildinni um helgina og er liðið með tíu stigum forystu á næsta lið á toppnum. Heiðar hefur verið sjóðheitur að undanfögnu og skorað alls tólf mörk á tímabilinu, þar af sex á síðustu fjórum vikum.

ÚRSLIT

Undankeppni EM 2012

5. RIDILL		
Austurríki - Lettland		34-24
Þýskaland - Ísland		39-28

STADAN						
Austurríki	4	3	1	0	116-98	7
Þýskaland	4	2	1	1	132-108	5
Ísland	4	2	0	2	115-124	4
Lettland	4	0	0	4	93-126	0

NÆSTU LEIKIR		
Lettland - Ísland		8./9. júní
Austurríki - Þýskaland		8. júní
Þýskaland - Lettland		11./12. júní
Ísland - Austurríki		11./12. júní

1. RIDILL		
Bosnía - Eistland		21-23
Ungverjaland - Makedónía		29-26
Staðan: Ungverjaland 8 stig, Eistland 4, Makedónía 3, Bosnía 1.		

2. RIDILL		
Krótía - Spánn		23-21
Rúmenía - Litháen		25-27
Staðan: Krótía 8 stig, Spánn 4, Litháen 4, Rúmenía 0.		

3. RIDILL		
Pólland - Slóvenía		32-27
Úkraína - Portúgal		29-25
Staðan: Slóvenía 6 stig, Pólland 4, Portúgal 3, Úkraína 2.		

4. RIDILL		
Svartfjallaland - Ísrael		36-27
Svíþjóð - Slóvakía		26-21
Staðan: Slóvakía 6 stig, Svíþjóð 6, Svartfjallaland 2, Ísrael 2.		

6. RIDILL		
Holland - Grikkland		30-30
Noregur - Tékkland		24-22
Staðan: Tékkland 6 stig, Noregur 6, Grikkland 3, Holland 1.		

7. RIDILL		
Danmörk - Rússland		36-29
Hvíta-Rússland - Sviss		26-24
Staðan: Danmörk 6 stig, Rússland 6, Hvíta-Rússland 4, Sviss 0.		

Enska bikarkeppnin

FJÓRÐUNGÚRSLIT		
Birmingham - Bolton		2-3
0-1 Johan Elmander (21.), 1-1 Cameron Jerome (39.), 1-2 Kevin Davies, víti (66.), 2-2 Kevin Phillips (80.), 2-3 Chung-Yong Lee (89.), Grétar Rafn Steinsson lék allan leikinn með Bolton.		
Manchester United - Arsenal		2-0
1-0 Fabio (27.), 2-0 Wayne Rooney (49.)		
Stoke - West Ham		2-1
1-0 Robert Huth (12.), 1-1 Frederic Piquionne (30.), 2-1 Danny Higginbotham (63.).		
Manchester City - Reading		1-0
1-0 Micah Richards (74.).		

UNDANÚRSLIT		
Man. City - Man. United		16. apríl
Bolton - Stoke		17. apríl
Báðir leikirnir fara fram á Wembley-leikvanginum en úrslitaleikurinn fer fram þann 14. maí.		

HREINASTA HÖRMUNG Í HALLE

Strákarnir okkar voru með buxurnar á hælunum í Halle í gær og voru rassskeltir af sprækum Þjóðverjum sem unnu sanngjarnan ellefu marka sigur, 39-28. Frammistaða liðsins í þessum leik var þeim til skammar og Guðmundur Þórður Guðmundsson, landsliðsþjálfari, baðst afsökunar á frammistöðunni eftir leikinn.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið spilaði einn sinn lélegasti leik í háa herrans tíð gegn Þýskalandi í gær. Strákarnir voru engan veginn tilbúnir í það stríð sem beið þeirra. Mótstaðan hjá þeim var lítil sem engin og uppskeran niðurlægjandi tap og erfið staða í undankeppni EM þar sem örlög liðsins eru ekki lengur algjörlega í þeirra höndum.

Ísland verður að vinna Lettland og Austurríki og treysta á að leikur Þýskalands og Austurríki endi ekki með jafntefli. Ef svo fer verður leikurinn gegn Austurríki að vinnast með minnst átta marka mun.

Guðmundur þjálfari talaði ítrekað um andlega hlutann fyrir leik og nauðsyn þess að ná frumkvæði í leiknum. Skilaboð hans náðu engan veginn í gegn því strákarnir mættu værukærir til leiks og afar einkennilegt slen og andleysi yfir þeim. Þjóðverjar hins vegar í banastuði og hreinlega keyrðu yfir strákana okkar sem voru fljótlega lentr sjö mörkum undir, 10-3.

Þeir náðu aðeins að klóra í bakkann, minnka muninn í fjögur mörk en þá féll þeim allur ketill í eld á nýjan leik. Þjóðverjar spóluðu fram úr og skildu íslenska liðið eftir í rykinu. Síðari hálfleikur var sama hörmungin og sá fyrri ef hann var ekki hreinlega verri.

Þá hlógu Þjóðverjarnir að íslenska liðinu og hreinlega niðurlægðu það. Það var grátlegt að sjá liðið gefast upp, hengja haus og láta Þjóðverjana slátra sér. Þessi frammistaða var þeim til helborinnar skammar.

Það er alveg sama hvar drepíð er niður fæti í leik íslenska liðsins. Allt var jafn hörmulega lélegt. Markvarslan lítil, varnarleikurinn slakur og sóknarleikurinn út úr korti. Lykilmenn þess utan í tómu tjóni. Það náði enginn sér á strik. Allan kraft og ákveðni vantaði í leik liðsins. Strákarnir gátu ekki einu sinni nýtt víti og hraðauppþaup almennilega. Þetta var með öðrum orðum stjarnfræðilega lélegt.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þýskaland - Ísland 39-28 (20-13)

Mörk Þýskalands (skot): Pascal Hens 7 (7), Michael Kraus 6/2 (11/2), Sebastian Preiss 5 (5), Adrian Pfahl 5 (7), Patrick Groetzki 4 (4), Uwe Gensheimer 3 (3), Holger Glandorf 3 (4), Michael Haass 3 (4), Oliver Roggisch 1 (1), Dominik Klein 1 (3), Christian Sprenger 1 (4).
Varin skot: Silvio Heinevetter 23/3 (50/6) 46%.
Hraðauppþaup: 10 (Gensheimer 2, Groetzki 2, Preiss 2, Pfahl, Roggisch, Hens).
Fiskuð víti: 2 (Preiss, Glandorf)
 Utan valla: 12 mínútur.
Mörk Íslands (skot): Vignir Svavarsson 4 (5), Alexander Petersson 4 (8), Aron Pálmarsson 4 (12), Þórir Ólafsson 4/4 (4/4), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (6), Snorri Steinn Guðjónsson 3 (6/1), Ólafur Stefánsson 3 (8/2), Ingimundur Ingimundarson 1 (3), Arnór Atlason 1 (1), Róbert Gunnarsson 1 (2).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 8 (28/1) 29%, Hreiðar Levý Guðmundsson 4 (23/1) 17%.
Hraðauppþaup: 6 (Aron, Snorri, Guðjón, Vignir, Ingimundur, Alexander).
Fiskuð víti: 7 (Ólafur 2, Róbert, Vignir, Aron, Alexander, Snorri).
 Utan valla: 14 mínútur.

vildi ekki nota það sem afsökun að liðið hefði misst Björgvin Pál fyrir leik og síðan meiddust Arnór og Sverre í leiknum.

„Ég mun aldrei gleyma þessu og er sár. Ég biðst afsökunar fyrir hönd liðsins á þessum leik.“

henry@frettabladid.is

Guðjón Valur Sigurðsson var að vonum svekktur eftir niðurlæginguna í Halle:

Það var allt að í þessum leik

HANDBOLTI Hornamaðurinn Guðjón Valur Sigurðsson var sleginn eftir skellinn í Halle í gær og virtist hreinlega ekki trúá því sem hafði gerst. Lið sem blómstraði síðasta miðvikudag var nánast eins og áhugamenn í gær.

„Það fór nákvæmlega allt úrskaiðis sem gat farið úrskaiðis. Vörnin var léleg og við náðum engan veginn til þeirra. Þeir skutu að vild. Það var engin vörn og engin markvarsla. Það var slæm ákvörðunartaka í sókn. Það var allt að í þessum leik,“ sagði Guðjón Valur en íslenska liðið var ekki tilbúið í slaginn er hann byrjaði.

Þó svo talað hefði verið um að byrja af grímd var engin stemning í íslenska liðinu sem átti hreinlega ekki möguleika frá fyrstu mínútu.

„Mér fannst við vera vel stemmdir fyrir leik en svo kom annað í ljós. Þessi leikur var í raun spegilmynd af leiknum heima nema núna tóku þeir okkur í bakariði. Það er svo sorglegt að lenda í þessu því við erum með reynslumikið lið sem á ekki að láta svona hluti gerast. Auðvitað voru menn meiddir og við vorum þunnskipaðir, það verður að segjast eins og er. Engu að síður er þetta langt frá því að vera ásætlanlegt.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EM-draumurinn lifir enn þrátt fyrir tapið en örlög íslenska liðsins eru ekki lengur algjörlega í þeirra höndum. Guðjón var ekki á því að leggja niður vopnin þó svo allt hafi farið úrskaiðis í gærkvöldi.

„Við vinnum næstu tvo leiki og náum að hafa betur í innbyrðis-

viðureignum gegn Austurríki. Þá erum við komnir áfram. Þetta er ekki flókið. Ef við þurfum að vinna Austurríki stórt þá gerum við það. Við ætlum ekki að gefast upp heldur fara á EM,“ sagði Guðjón Valur ákveðinn.

- hbg



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Róbert Gunnarsson: Svartur dagur

HANDBOLTI „Við áttum hræðilegan leik í dag og verðum að axla fulla ábyrgð á því,“ sagði línumaðurinn Róbert Gunnarsson eftir skellinn í Halle.

„Þetta var svartur dagur hjá okkur. Við vorum arfaslakir á allan kanta. Því miður fór þetta svona og okkur finnst það sjálfum verst. Ég veit að fólkinu heima finnst þetta hræðilegt en okkur líður ekkert betur. Það er ekki boðið upp á neinar afsakanir því við vorum einfaldlega lélegir,“ sagði hreinskilinn Róbert.

„Þetta leit illa út og ég ætla ekki að þræta fyrir það. Við ætlum að mæta grímmir og vinna og undirbyggjum okkur vel. Við áttum bara slakan dag og ég hef engar útskýringar á þessu. Þetta er einn af okkar lélegustu leikjum.“

- hbg

DUROL BURSTAMOTTAN

5 ára ábyrgð

- Í öll anddyri
- Hvaða stærð sem er
- Afgreidd á 2 dögum

BURSTAGERÐIN
ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram í Kópavogi um helgina:

Viktor og Thelma hlutskörpust

FIMLEIKAR Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram í Kópavogi um helgina og var hart barist, bæði í fjölþrautinni á laugardaginn og í keppni á einstökum áhöldum í gær.

Viktor Kristmannsson og Thelma Rut Hermannsdóttir, bæði úr Gerplu, urðu Íslandsmeistarar í fjölþraut á laugardaginn og voru svo einnig sigursæl í gær.

Viktor varð Íslandsmeistari í æfingum á boga og í hringjum en bróðir hans, Róbert, vann einnig í tveimur greinum – í gólfæfingum og í stökki.

Viktor og Róbert háðu harða keppni í fjölþrautinni og munaði aðeins 0,8 stigum á þeim í henni. Bjarki Ásgeirsson, Ármanni, varð í þriðja sæti í fjölþrautinni sem og Íslandsmeistari í tvíslá og Ólafur Garðar Gunnarsson, Gerplu, var bestur í æfingum á svifrú.

„Þetta hafðist en ég var mjög stressaður fyrir mótið,“ sagði Viktor í samtali við Fréttablaðið. „Ég hætti að æfa fimleika eftir Norðurlandamótið í apríl á síðasta ári og byrjaði ekki að æfa aftur fyrr en í nóvember. Það gafst því stuttur tími til undirbúnings en mér tókst að nýta hann vel. Ég var því þökkalega sáttur við gengi mitt um helgina.“

Viktor hefur æft af miklum krafti síðan hann byrjaði aftur og stefnir á að komast á Ólympíuleikana í Lundúnum árið 2012. Til þess þarf hann að ná góðum árangri á HM í Japan í október næstkomandi.



MARGFALDIR MEISTARAR Viktor Kristmannsson, til hægri, varð um helgina Íslandsmeistari í fjölþraut níunda árið í röð og í tíunda skiptið alls. Í kvennaflokki bar Thelma Rut Hermannsdóttir, Gerplu, sigur úr bytum í fjölþrautinni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

andi. Hann segir frá því í ítarlegu máli í viðtali á Íþróttavef Vísis.

Thelma Rut bar einnig sigur úr bytum í keppni í stökki. Embla Jóhannsdóttir, Gróttu, varð í öðru sæti í fjölþrautinni og meistari í gólfæfingum.

Þá varð Dominiqua Belanyi, Gróttu, hlutskörpust í keppni á tvíslá en hún varð í þriðja sæti í fjölþrautinni. Jóhanna Rakel Jónasdóttir, Ármanni, varð meistari í æfingum á tvíslá.

- esá



Fótboltaæfingar fyrir börn með sérþarfir

Æfingar verða á sunnudögum kl. 11 og hefjast 27. mars. Æft verður í Íþróttahúsinu Ásgarði í Garðabæ og verða búningar til afnota á staðnum. Þjálfarar og hjálparþjálfarar verða á staðnum þannig að allir fá aðstoð við hæfi.

Námskeiðskostnaður er 5.000 kr. á barn. Ábyrgðarmaður námskeiðsins er Ýr Sigurðardóttir barnalæknir. Skráning fer fram í tölvupósti, yr@lsh.is. Greiðsla fer fram með millifærslu á reikning Stjórnunnar 1135-26-110534, kt. 580589-1389. Vinsamlegast sendið staðfestingu um greiðslu með nafni/kt. barns á yr@lsh.is

Jafnréttisviðurkenning KSÍ 2011



Bikarkeppni Sundsambands Íslands:

Ægir og SH meistarar

SUND Bikarkeppni SSÍ fór fram um helgina í Reykjanesbæ. Ægir bar sigur úr bytum í kvennaflokki eftir harða keppni við ÍRB en SH hafði nokkra yfirburði í karlaflokknum. KR var neðst í bæði karla- og kvennaflokki en hélt engu að síður sæti sínu í báðum deildum. Fjölirnir vann í 2.

deild kvenna en Óðinn frá Akureyri karlamegin.

Eitt Íslandsmet var sett um helgina en það gerði Eygló Ósk Gústafsdóttir, Ægi, í 200 m bak-sundi. Hún synti á 2:17,88 mínútu og bætti sitt eigið Íslandsmet um tæpa sekúndu.

- esá



SKORAÐI Wayne Rooney skoraði annað marka United gegn Arsenal. NORDIC PHOTOS/GETTY

Fjórðungsúrslit enska bikarsins um helgina:

Manchester-slagur í undanúrslitunum

FÓTBOLTI Manchester United, Manchester City, Bolton og Stoke eru komin áfram í undanúrslit enska bikarsins í knattspyrnu en 8-liða úrslitin fóru fram núna um helgina. Stórleikur umferðarinnar var án efa leikur Manchester United og Arsenal sem fram fór á Old Trafford í Manchester. Heimamenn unnu góðan 2-0 sigur og voru það Fabio da Silva og Wayne Rooney sem skorðu mörkin. Kantmaðurinn Antonio Valencia lék síðari hálfleikinn hjá United en hann hefur verið lengi frá vegna meiðsla. Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. United, var ánægður með sigurinn og frammistöðu Valencia í leiknum.

„Ég er rosalega ánægður og þetta var frábær frammistaða. Valencia er magnaður leikmaður,

hann róaði leikinn niður og liðið hélt betur boltanum,“ sagði Ferguson sem einnig hrósaði markverðinum Edwin van der Sar sem átti góðan leik. „Hann er frábær markverður og ég vildi óska að hann væri 21 árs gamall.“

United mun mæta nágrönnum sínum í Manchester City í undanúrslitunum en City hafði betur gegn Íslendingaliðinu Reading, 1-0. Reading stóð lengi vel í City en Micah Richards náði að skora sigurmörkið með skalla í síðari hálfleik. Í hinum undanúrslitaleiknum mætast Bolton og Stoke. Bolton hafði betur gegn Birmingham, 2-3, og Stoke lagði West Ham á heimavelli, 2-1. Undanúrslitin fara fram á Wembley leikvanginum 16. og 17. apríl.

- jkk

HLEÐSLA 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN
ÍÞRÓTTADRYKKUR



PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF NÚ EINNIG FÁANLEGUR Í FERNU



NÝ BRAGÐTEGUND

HLEÐSLA ER KJÓRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU, LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF HLEÐSLU. HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓPOL.

MJÓLKURSAMSALAN

WWW.MS.IS

> Will Arnett

„Arrested Development opnaði margar dyr fyrir mig.“

Will Arnett leikur John Solomon sem reynir að finna draumastúlkuna, eins og bróðir hans Dean, til að uppfylla óskir pabba þeirra um að eignast barnabörn í gamanmyndinni Brothers Solomon sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SARA MCMAHON UPPLIFIR GRIMMD NÁTTÚRUNNAR

Junior litli með ljónshjartað

Allt frá því ég var lítið barn hef ég haft sérstakt dálæti á hvers kyns dýralífsþáttum enda var draumurinn sá að gerast dýralæknir þegar ég yrði „stór“. Í dag, nú komin á fertugsaldurinn, er ég enn mjög hrifin af dýralífsþáttum. Eitthvað virðist þó hjartað í mér hafa minnkað með ellinni því ég á afskaplega erfitt með að horfa upp á grimmd náttúrunnar.

Fyrir stuttu sat ég eitt kvöldið og horfði á einn slíkan þátt á norska ríkissjónvarpinu. Þátturinn fylgdi eftir ljónahjörð sem hafði aðsetur á einhverri sléttunni í Afríku. Lífsbaráttan var hörð enda hafði ekki rignt í marga mánuði og flest vatnsbólín orðin drullusvað eitt. Ljónahjörðin reyndi eftir fremsta megni að tóra og veiða sér til matar í þessum mikla hita og var hungrið greinilega svo mikið að ljónynjurnar höfðu ekki fyrir því að deyða buffaló sem

þær höfðu veitt áður en þær rifu hann í sig. Þegar þarna var komið þoldi ég ekki lengur við og hætti áhorfinu í smá stund. Þegar ég snéri mér aftur að skjánum var þulurinn farinn að segja söguna af Junior, litlum ljónsunga sem hafði mjaðmarbrotnað eftir spark frá skelkuðum buffalóa. Litli ljónsunginn reyndi að halda í við móður sína og bræður á meðan hann dró lamaða afturfæturla á eftir sér. Svona þraukaði hann í heila fjóra daga þar til fjölskyldan neyddist til að skilja Junior litla eftir og láta hann verða hræættum að bráð. Þarna þurfti ég aftur að hætta áhorfi og var komin í slíkt uppnám að ég ákvað að sinna heldur heimilisstörfum það sem eftir lifði kvölds.



SJÓNVARPIÐ

- 16.40 Eva María og Víkingur Heiðar Ólafsson** (e)
17.20 Landinn (e)
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 Mærin Mæja (6:52)
18.08 Franklín (55:65)
18.30 Sagan af Enyó (11:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Uppruni lífsins (2:2) (First Life) Í þessari bresku heimildamynd veltir David Attenborough því fyrir sér hvernig fyrstu dýrin á jörðinni urðu til.
21.00 Nýsköpun - Íslensk vísindi (6:12) Í þættinum fræðumst við um hvernig breyta má þörungum í lífrænt eldsneyti og framleiða úr þeim dýrætt efni, hvernig hið mikilvæga efni ál er framleitt og kynnumst rannsóknunum á því hvernig sykur og sýra leika tennur okkar mannanna.
21.30 Mumbai kallar (5:7) (Mumbai Calling) Bresk gamanþáttaröð um Kenny, Indverja fæddan á Bretland.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt frá leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna.
23.00 Meistaradeild í hestaíróttum
23.20 Þýski boltinn
00.20 Kastljós (e)
00.40 Fréttir (e)
00.50 Dagskrárlok

BÍÓ

- 06.05 The Last Time**
08.00 Dumb and Dumber
10.00 Wayne's World 2
12.00 Mr. Bean
14.00 Dumb and Dumber
16.00 Wayne's World 2
18.00 Mr. Bean
20.00 The Last Time
22.00 The Brothers Solomon
00.00 Jurassic Park
02.05 Planes, Trains and Automobiles
04.00 The Brothers Solomon
06.00 Surrogates

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2**
08.15 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (1:13)
11.00 Masterchef (5:13)
11.45 Falcon Crest (19:28)
12.35 Nágrannar
13.00 America's Got Talent (13:26)
14.25 America's Got Talent (14:26)
15.10 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2
16.43 Mörgæsimar frá Madagaskar
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (11:19)
19.45 The Big Bang Theory (2:17)
20.10 Glee (15:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppni á landsvísi.
20.55 The Event (11:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök.
21.40 Nikita (2:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku. Leyniþjónustan eyðir öllum sönnunargögnum um fyrra líf þeirra og gerir þau að færum njósnurum og morðingjum.
22.25 Saving Grace (2:14) Grace Hanarcho er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut.
23.10 Modern Family (15:24)
23.55 Chuck (17:19)
00.40 Burn Notice (12:16)
03.05 Lie to Me (1:13)
03.50 Darfur Now
05.25 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

- 07.00 Spænski boltinn: Sevilla - Barcelona**
16.20 Man. City - Reading
18.05 Undankeppni EM
19.30 Ensku bikarmörkin Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppinni (FA Cup).
20.00 Iceland Expressdeildin - Upphitun Hitað upp fyrir úrslitakeppnina í Iceland Express deildinni í körfuknattleik karla. Guðjón Guðmundsson fær til sín Svala Björgvinsson og Benedikt Guðmundsson, helstu sérfræðinga landsins í körfuknattleik og saman fara þeir yfir möguleika liðanna í úrslitakeppinni. Rætt verður við þjálfara allra liðanna og leikmenn.
21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
21.45 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
22.35 Evrópuvæðingarmörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópuvæðingarmörkinum í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
23.30 Stoke - West Ham

SPORT 2

- 17.15 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
17.45 Premier League Review 2010/11 Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
18.45 PL Classic Matches: Man. Utd. - Sheffield Wednesday
19.15 Newcastle - West Ham Útsending frá leik Newcastle United og West Ham United í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review 2010/11
22.00 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
22.30 Man. Utd. - West Ham Útsending frá leik Man. Utd og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.20 7th Heaven (19:22) (e)
17.05 Game Tívi (7:14) (e)
17.35 Dr. Phil
18.20 Spjallið með Sölva (4:16) (e)
19.00 Judging Amy (17:22)
19.45 Will & Grace (6:24)
20.10 90210 (16:22) Bandarísk þáttaröð um ástir og átök ungmenna í Beverly Hills. Silver sannfærir Navid um að skrifa undir samning um raunveruleikþátt Adriónnu til að koma í veg fyrir að hún komist að leynilegu sambandi þeirra.
20.55 Hawaii Five-O (2:24) Ný þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Sérsvéitin er kölluð saman á ný af ríkisstjórnunum til að hafa uppi á öryggissérfræðingi innan Þjóðaröryggisstofnunar Bandaríkjanna. Í ljós kemur að fórnarlambið var á leið til fundar til að afhjúpa meiriháttar ógn sem ríkinu stafar mikil hættu af.
21.45 CSI (9:22) Bandarískir sakamálaþættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas. Maður fellur fram af svölum og er það rannsóknarteymisins að sýna fram á hvort hann hafi fyrirfarið sér eða verið dreppinn.
22.35 Jay Leno
23.20 The Walking Dead (5:6) (e)
00.10 Rabbit Fall (4:6) (e)
00.40 Will & Grace (6:24) (e)
01.00 Hawaii Five-O (2:24) (e)
01.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America**
07.10 World Golf Championship (4:4)
12.10 Golfing World
13.00 World Golf Championship (4:4)
17.10 Golfing World
18.00 Golfing World
18.50 World Golf Championship (4:4)
23.00 Golfing World
23.50 Champions Tour - Highlights
00:45 ESPN America

EXTRA

- 19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiðdar af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
20.15 Pressa (2:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson. Handritið skrifuðu þeir í samstarfi við nokkra af vinsælustu glæpasagnahöfundum landsins; Árna Þórarinnsson, Pál Kristín Pálsson, Yrsu Sigurðardóttur og Ævar Örn Jónsson.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 The Mentalist (16:22) Þriðja serían af frumlegri spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.
22.35 Chase (11:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnum.
23.20 Boardwalk Empire (4:12) Þættir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum.
00.15 Pressa (2:6)
01.00 The Doctors
18.15 Tveir gestir
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlensk mannlíf
19.00 Fróðleiksmolinn
20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu Einn fremsti hráæðiskokkur Breta meðal gesta.
20.30 Lífið Landnám íslenska hestsins í Ástralíu.
21.00 Frumkvöðlar Ráðstefna frumkvöðlakenna verður í Hörpu í maí.
21.30 Eldhús meistarana Magnús Ingi og Víðar Freyr í detoxeldhúsi Heilsuhótelsins.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.
OMEGA
 Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM						
FM 88,5 XA-Radíó	FM 90,9 Gullbylgjan	FM 93,5 Rás 1	FM 96,3 FM Suðurland	FM 97,7 X-ið	FM 99,4 Útvarp Saga	FM 102,9 Lindin
FM 90,1 Rás 2	FM 91,9 Kaninn	FM 95,7 FM957	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 98,9 Bylgjan	FM 102,2 Útvarp Latibær	FM 105,5 Útvarp Boðun



Sparaðu með Miele

Með því að velja Miele uppvottavélar leggur þú grunn að langtímasparnaði.

- ✓ Þrjár þvottagrindur
- ✓ Þvær 18% meira magn í einu
- ✓ Notar minna vatn og rafmagn
- ✓ 20 ára ending
- ✓ Verð frá kr. 181.800

Care Collection uppvottaduft, töflur, gljái og vélahreinsir, sérstaklega framleitt fyrir Miele uppvottavélar

Farðu alla leið með Miele

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 20.55

The Event

Spennuþáttaröðin The Event snýr aftur með miklum látum. Geimverur hafa lífað á meðal okkar í meira en 60 ár. Ríkisstjórn Bandaríkjanna taldi sig vera búna að útrýma þeim en annað kemur á daginn.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst 06.40 Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.03 Vitt og breitt 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstud með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.03 Veðurfregnir 10.13 Steinumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Hádegisútvarpið 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar 13.00 Hríngsól 14.03 Bak við stjórnurnar 15.03 Útvarpsagan: Rán 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá 17.00 Fréttir 18.00 Kvöldfréttir 18.20 Auglýsingar 18.21 Spegillinn 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynitfélagið 20.30 Kvika 21.10 Ópus 22.05 Veðurfregnir 22.10 Lestur Passíusálma 22.17 Gimri, grúsk og glórir 23.08 Lostafulli listræninginn 23.45 Málstofan 00.05 Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

10.30 Robin Hood 11.15 EastEnders 11.45 Dalziel and Pascoe 12.35 Dalziel and Pascoe 13.25 Deal or No Deal 14.00 Deal or No Deal 14.35 Deal or No Deal 15.15 Keeping Up Appearances 15.45 Robin Hood 16.30 Robin Hood 17.20 Deal or No Deal 17.55 Deal or No Deal 18.30 Keeping Up Appearances 19.00 Keeping Up Appearances 19.30 My Family 20.00 Coupling 20.30 Mutual Friends 21.20 How Not to Live Your Life 21.50 Whose Line Is It Anyway? 22.15 Whose Line Is It Anyway? 22.45 Mutual Friends

DR 1

10.30 Gintberg på kanten 11.00 DR Update - nyheder og vejr 11.10 21 Søndag 11.50 Blekingegadebanden 13.00 Klovedal i Indonesien 14.00 DR Update - nyheder og vejr 15.00 Den lille røde traktor 15.10 Rasmus Klump 15.15 Alfons Åberg 15.30 Bamses Billedbog 16.00 Downton Abbey 16.50 DR Update - nyheder og vejr 17.00 Jamie Olivers eget køkken 17.30 TV Avisen med Sport 18.05 Aftenshowet 19.00 Jamies revolution 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.30 Talismanen

NRK 1

12.00 NRK nyheter 12.05 Korrespondentene 12.35 Ein dag i Sverige 12.50 Glimt av Norge 13.00 NRK nyheter 13.05 Norge rundt 13.30 Oppdrag Sognefjorden 14.00 NRK nyheter 14.10 Dallas 15.00 NRK nyheter 15.10 Popstokk 16.00 NRK nyheter 16.10 Vår aktive hjerne 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Førkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.45 Puls 19.25 Den nordiske smaken 19.55 Distriktsnyheter 20.30 Bibliotekstiven 21.30 Finnmarksløpet 22.00 Kveldsnytt

SVT 1

11.00 Rapport 11.05 Sportspegeln 11.35 Det ligger i luften 12.10 Bohus bataljon 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Rapport 15.05 En idiot på resa 15.50 Vilma 15.55 Saxofonhallicken 16.50 Ålskade Carl-Gustaf 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Fråga doktorn 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Klass 9A 19.30 Dom kallar oss artister 20.00 Gynekologen i Askim 21.00 Sexalkunskap 21.30 Høj litteraturen! 22.00 Big Love

10 ára gömul verð!

aftur til fortíðar með Eldsmiðjunni 14.-31. mars

*GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

VERÐDÆMI:
10" MARGARITA
Var: 1.095.-
Nú: 745.-

VERÐDÆMI:
12" MARGARITA
Var: 1.295.-
Nú: 845.-

VERÐDÆMI:
16" MARGARITA
Var: 1.695.-
Nú: 1.045.-

PIZZA Eld Smiðjan PIZZA

3 staðir 562 3838

SUÐURLANDSBRAUT 12 • BRAGAGATA 38A • LAUGAVEGUR 81



VEITINGASTAÐIR Á öllum veitingastöðum Eldsmiðjunnar er hægt að sitja til borðs og njóta veitinga í notalegu umhverfi HEIMSENDING Við bjóðum upp á heimsendingu í flest hverfi Reykjavíkur (sjá www.eldsmidjan.is) TAKE AWAY þjónusta er að sjálfsögðu á öllum okkar stöðum, einfalt og þægilegt, enda eitt pöntunarnúmer Gott að muna... 562 3838

Létt Bylgjan fyrir konu eins og þig

Konukvöld Létt Bylgjunnar í Smáralind 16. mars

Skemmtileg og lifandi stemning á göngum og í verslunum Smáralindar. Jón Jónsson, Hreimur og Vignir og Þorsteinn Guðmundsson o.fl. skemmta.

Skemmtun í Vetrargarðinum með fordrykk.

Glæsilegir happdrættisvinningar.



LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LOGIN... ALLTAF!

Smáralind



„Ég var síðast að horfa á NCIS. Annars missi ég yfirleitt ekki af Grey's Anatomy og ekki heldur af fréttunum og Kastljósi.“

Margit Elva Einarsdóttir, þjálfari hjá Clarins.

Seldur til 37 landa á níu dögum

„Þetta er framar okkar björtustu vonum,“ segir Guðmundur Freyr Jónsson.

Önnur útgáfa af Tunerific-gítarstilli þeirra Guðmundar Freys og Jóhanns P. Malmquist, prófessors, hefur verið seld til 37 landa á aðeins níu dögum. Forrit með nýju útgáfunni var í byrjun mars sett inn í OVI-netverslun finnna farsímafyrirtækisins Nokia fyrir nýjstu símana þeirra N8. Það hefur heldur betur slegið í gegn og náði það hæst í fjórða sæti lista yfir þau forrit sem voru vinsælust hjá fyrirtækinu. Búið er að þýða forritið yfir á sex tungumál og þýðing

yfir á kínversku er einnig í undirbúningi.

Tunerific er gagnvirkur gítar- og tónastillir. Einnig fylgir með hugbúnaðinum hljómbók með 336 hljómunum. Forritið hefur alls verið selt til 77 landa og er að auki fáanlegt í 190 löndum.

Guðmundur er hæstánægður með árangurinn til þessa. „Þetta er akkurat það sem við vorum að vonast eftir. Þetta er glænýtt viðmót hannað af grafískum hönnuði. Það var ekkert til sparað í þessari útgáfu en við höfðum minni peninga á milli handanna í fyrstu útgáfunni,“ segir hann. „Við erum að reyna að

beita nýjum markaðsaðferðum til að halda okkur sýnilegum í þessum stóra heimi forrita.“

Nokia hefur notað gítarstillinn í kynningarherferðum sínum að undanfögnu, þar á meðal í Ísrael. Þar er tákni forritsins stillt upp við hliðina á risum á borð við Facebook og Youtube.

Gítarstillirinn varð til úr meistraraverkefni Guðmundar Freys við Háskóla Íslands í samstarfi við leiðbeinanda hans, Jóhann P. Malmquist. Þeir reka nú saman sprotafyrirtækið Hugvakann, sem hefur það verkefni að sækja á fleiri markaði og þróa frekari for-



VEKUR LUKKU Guðmundur Freyr við undirritun samninga við Nova og Félag íslenskra hljómlistarmanna vegna gítarstillingatækisins. Tækið hefur vakið mikla lukku erlendis. MYND/JÓRA

rit í farsíma. Til þess hafa styrkir frá tækniþróunarsjóði Rannís komið að góðum notum. -fb

EINAR SVEINN ÞÓRÐARSON: AFAR GLEÐILEGT Í ÞESSU ÁRFERÐI

Stórfyrirtæki tóku upp auglýsingar á Íslandi

„Þetta er auðvitað afar gleðilegt í þessu árferði og á þessum árstíma,“ segir Einar Sveinn Þórðarson hjá framleiðslufyrirtækinu Pegasus.

Auglýsingar fyrir tvö bandarísk stórfyrirtæki, tyggjoframleiðandann Wrigley og bankann Citibank, voru nýverið teknar upp hér á landi af bandarísku fyrirtækjunum MJZ og RSA í samvinnu við Pegasus. Þær verða frumsýndar vestanhafs á næstu vikum.

Auglýsingin fyrir Wrigley var tekin upp á Kjalvegi við Kleifarvatn en Citibank í Bláa lóninu. Tökur á síðarnefndu auglýsingunni áttu upphaflega að fara fram í Dauðahafinu en vegna ástandsins á því svæði þótti það ekki heppileg staðsetning. Þá varð Bláa lónið fyrir valinu. Tvær íslenskar karl- og kvenfyrirsætur leika í auglýsingunni ásamt bandarískri konu.

Leikstjóri auglýsingarinnar var Jake Scott, sonur hins fræga leikstjóra Ridley Scott sem á að baki myndir á borð við Alien og Gladiator. Christopher Soos var kvikmyndatökstjórinn í báðum verkefnum. Hann þykir afar fram- bærilegur og til dæmis sá hann um tökur á síðustu kvikmynd Jake Scott, Welcome to the Rileys, með Kristen Stewart, James Gandolfini og Óskarsverðlaunahafanum Mel- issu Leo í helstu hlutverkum.

„Þeir eru báðir mjög eftirsóttir og flottir leikstjórar,“ segir Einar Sveinn um Scott og Dante Ariola, sem leikstýrði Wrigley-auglýsingunni. Hann hefur gert auglýsingar fyrir Adidas, Levi's og Nike. Að sögn Einars voru þeir ofboðslega ánægðir með dvölinu á Íslandi. „Þeir vilja finna fleiri ástæður til að koma hingað. Það er auðvitað besta auglýsingin fyrir okkur þegar menn vilja koma aftur. Þeir hrósuðu öllum deildunum í tókun- um alveg í hástert.“

„Þessi vörumerki eru ansi stöndug og auglýsa stórt. Við viljum bara fá meira af þessu til Íslands.“

EINAR SVEINN ÞÓRÐARSON
MARKAÐSSTJÓRI HJÁ PEGASUS.

Auglýsingarnar verða sýndar um öll Bandaríkin og fá því gríðarlegt áhorf. „Þessi vörumerki eru ansi stöndug og auglýsa stórt. Við viljum bara fá meira af þessu til Íslands,“ segir Einar. „Það er búið að vera heilmikið af fyrirspurnum í gangi og það er ekkert eins og fólk hafi gleymt Íslandi við þetta eldgos, heldur frekar hitt. Það virðist vera að koma í ljós.“

freyr@frettabladid.is



Í BLÁA LÓNINU Bankaauglýsing fyrir Citibank var tekin upp í Bláa lóninu fyrir skömmu.

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÍPRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Má bjóða ykkur meiri Vísir?



Meiri Vísir.

VÍSIR.IS

Baka brauð af mikilli ástríðu

Hjónin Guðrún Margrét Jóhannsdóttir og David Nelson reka saman þrjú lífræn bakarí í Barcelona undir nafninu BarcelonaReykjavík Bakery. Fyrsta bakaríið opnaði þau árið 2006 og fyrstu þrjár vikurnar gáfu þau hvert einasta brauð sem þau bökuðu.

Hvorugt þeirra hjóna hefur lært bakaríðina heldur er Guðrún Margrét skúlptúristi og útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2000 og David er trésmiður og iðnhönnuður að mennt. „Ég var að læra keramik í Árósum árið 2002 og ákvað að sækja helgarnámsskeið í bakstri hjá dönskum bakara. Hann kenndi óhefðbundinn brauð- bakstur þar sem áhersla var á lífræn hráefni og hollustu. Á þessum tíma vorum við hjónin orðin svolit- ið þreytt á listinni og ákváðum að prófa eitthvað nýtt. Það er fyndið til þess að hugsa að maður sé enn að borga af námslánum fyrir fjög- urra ára nám heima en að ég vinn núna við bakstur eftir helgarnám- skeið í því,“ segir Guðrún Margrét og hlær. David er aðalbakari bak- arísins og þar starfar enginn iðn- menntaður bakari heldur fólk með áhuga á bakstri.

Bakaríið er það eina sinnar teg- undar í borginni og viðurkennir Guðrún Margrét að móttökurnar hafi komið henni ánægjulega á óvart. Fyrstu vikurnar sem bak- aríið var starfrækt gáfu hjónin viðskiptavinum brauðin til þess að fá álit þeirra á vörnunni og að sögn Guðrúnar borgaði það sig marg- falt. „Við fengum álit viðskiptavina



LÍFRÆNT BAKARÍ Hjónin Guðrún Margrét Jóhannsdóttir og David Nelson reka saman þrjú bakarí í Barcelona undir nafninu BarcelonaReykjavík Bakery.

og þeir sögðu okkur hvað mætti gera öðruvísi. Fólk varð líka mjög hrifið af brauðinu okkar og fréttirnar spurðust hratt út og við fjöl- skyldan urðum eins og rokkstjör- ur, stanslaust í fjölmiðlum.“

Guðrún Margrét segir hjónin hafa áhuga á því að opna fleiri bak- arí í framtíðinni og útilokar ekki

að eitt slíkt verði opnað á Íslandi. Hún segist þó vilja fara hægt í sakirnar enda sé betra að fara sér að engu óslega í svona málum. „Núna er ég að læra að búa til skó og mér finnst það voðalega gaman. Kannski ég staldri aðeins við í því núna,“ segir hún að lokum hlæj- andi. -sm

Borganveisla

28. apríl – 3 nætur



Prag

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Iff *** 28. apríl í 3 nætur með morgunverði.

frá **79.900 kr.**

5.maí – 4 nætur



Barcelona

Netverð á mann m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Zenit **** 5. maí í 4 nætur.

frá **109.990 kr.**

31. mars – 4 nætur



Sevilla

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Monte Carmelo **** 31. mars í 4 nætur með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 22.680.

frá **99.900 kr.**

21. apríl – 4 nætur



Búdapest

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Mercure Duna *** eða Hotel Tulip Inn *** 21. apríl í 4 nætur með morgunverði.

frá **89.900 kr.**

28. apríl – uppseld

bókaðu beint á heimsferdir.is



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



EWEDM / SA - N140308 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á síku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bjarni útskrifaður

Háskólinn Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á Keflavíkurflugvelli, útskrifaði 97 nemendur í byrjun mánaðar sem hófu nám í hruninu. Þar af voru 73 nemendur við Háskólabrú, sem áður höfðu ekki lokið stúdentsprófi. Þar á meðal var látúnsbarkinn **Bjarni Arason**, sem nú getur sótt um háskólánám jafnt hér sem utan landsteina.



Nöfn og trúverðugleiki

Hugmynd **Lilju Mósesdóttur** um að breyta nafni íslensku krónunnar til að auka trúverðugleika á gjaldmiðlinum vakti óskipta athygli í gær og sýndist sitt hverjum. Á meðal þeirra sem lögðu orð í belg var ögrfræðingurinn **Sveinn Andri Sveinsson** sem vísaði í frétt af ummælum Lilju með þeim orðum að þessi frétt væri örugglega einhver Facebook-vírus. Hann bætti um betur síðar og splæsti í statusinn: „Sveinn Andri Sveinsson leggur til að Lilja Mósesdóttir taki upp nafnið Jarþrúður Frímansdóttir og reyni að auka með því trúverðugleika sinn.“ - jab, - þj



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 Þíndi fórnarlömbin með söxuðum lauk
- 2 Beckham hjónin flytja til Bretlands
- 3 Gæti orðið minnsti maður í heimi
- 4 Trúi að systir mín komi til baka
- 5 Nýnasisti fór í kynskiptaögerð og breyttist í vinstrisinna

SÆNGURFÖT Á 40-50% AFSLÆTTI

Rýmum fyrir nýjum vörum.

Sængurveradeild Rekkjunnar er stórglæsileg með yfir 50 tegundir af sængurverum á frábæru verði, við höfum upp á að bjóða öll flotustu efni í sængurverum í dag til dæmis silki damask, bómullarsatín, tencel, bómull og svo má lengi telja. Sængurverin koma frá öllum heimshornum til að mynda Íslandi, Þýskalandi, Spáni og Bandaríkjunum.

Eigum einnig mikið úrval af fallegum rúmteppum og sérlega mjúkum og þægilegum værdarvoðum.



Sængurver

100% bómull. Áður 5.900 kr.

NÚ 3.540 kr.

Damask. Áður 14.900 kr.

NÚ 8.940 kr.

Bómullarsatín. Áður 12.900 kr.

NÚ 7.740 kr.

Rúmteppi

Áður 24.900 kr.

NÚ 14.940 kr.



ÓTRÚLEG TILBOÐ Á PRÝSTIJÖFNUNARRÚMUM AC Pacific 30% AFSLÁTTUR!

Queen Size (153x203 cm.)

Fullt verð 213.800 kr.

NÚ 149.660 kr.

King Size (193x203 cm.)

Fullt verð 285.361 kr.

NÚ 199.753 kr.

120x200 cm.

Fullt verð 174.770 kr.

NÚ 122.339 kr.

Þrýstijöfnunarefnið aðlagast alveg að líkamanum og fyllir upp í öll holur svo sem hnésbætur, mjóbak og háls einnig dreyfir hann þyngdinni á líkamanum svo enginn þrýstingur myndast á rass, mjöðm eða öxlum.

PRÝSTIJÖFNUNARHEILSURÚM

- Lagar sig að líkamanum
- Veitir fullkomna slökun
- Engin hreyfing milli svefnsvæða
- Hefur óviðjafnanlega þyngdardreyfingu
- Kemur líkamanum í rétta stellingu til hvíldar
- Þarf ekki að snúa
- 10 ára ábyrgð

FERMINGAR TILBOÐ

Amelia

135x203 cm.

Fullt verð 146.700 kr.

NÚ 99.000 kr.

153x203 cm.

Fullt verð 149.700 kr.

NÚ 104.900 kr.



Office1

Fyrirtækjafjónusta

ÓDÝR

REKSTRARVARA

Hringdu í fyrirtækjafjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.

**PÖNTUNARSÍMI
550 4111**

Fyrirtækjafjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is